



Ársskýrsla og reikningar UMSK 2015

92. ársþing 24. febrúar 2016

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Stjórn	5
Fjöldi þingfulltrúa	6
Aðildarfélög UMSK	7
UMSK í tölum	10
Úr starfi UMSK	11
Aftekaskrá í frjálsum íþróttum	20
UMFÍ fréttir	22
Fréttapunktur frá ÍSí	26
Frá félögum	29
Viðurkenningar	43
Heiðursviðurkenningar	44
Afteksmannasjóður UMSK	47
Lög UMSK	48
Reikningar 2015	50



Ungmennasamband
Kjalarnesþings

Skýrslan

Skýrsla 2015, lögð fram á 92. ársþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni í febrúar 2016.

Umbrot og hönnun:
Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:
Valdimar Leó Friðriksson
Valdimar Gunnarsson
Jón Kristján Sigurðsson
Halla Kjartansdóttir

Ljósmyndir:
Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSí og frá félögum.
Prentun: Litlaprent.



Ávarp formanns

Ágætu Þingfulltrúar

Velkomin á 92. ársþing UMSK

Aðildarfélög UMSK eru 49, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 44 deildir. Félagsmenn eru 72.170 og þar af eru 29.035 iðkendur í 30 íþróttagreinum.

Nú þegar starf íþróttafélaganna í héraðinu er í blóma og iðkendum og félagsmönnum heldur áfram að fjölga, er ágætt að staldra við og skoða ákveðna þætti í starfinu. Starfi sem er að mestu leiti borið uppi af sjálfbóðaliðum.

Flest íþróttafélög bjóða upp á svipaða aðstöðu og þjálfun og þjálfara af sama skólanum. En samt ná sum félög betri árangri en önnur. Hvað veldur því? Afreksmaður í handknattleik hefur svarað því til að það sé andinn í félaginu, sem geri útslagið. Að það sé "félagsandinn" sem skapi framúrskarandi árangur.

Hægt er að hafa áhrif á og bæta félagsandann. Verkefnið „Framtíðin“ er eitt af þeim verkfærum sem hægt er að nota í þeim tilgangi.

Framtíðin er afrakstur samvinnu milli UMSK og Rannsóknar og greiningu, og byggir á hugmyndafræði með áherslu á félagssálfræðilega þjálfun barna og unglinga. En aftur að sjálfbóðaliðunum.

Því hefur oft verið haldið fram að þurfi að "pína" fólk í sjálfbóðaliðastörf, en samkvæmt könnun þá er það ekki raunin. Fólk gerist sjálfbóðaliðar af vilja til að láta gott af sér leiða. Til að hafa jákvæð áhrif á ungt fólk og skapa þeim góðar aðstæður til að iðka íþróttir og tómstundir.

Auk þess gerast menn sjálfbóðaliðar til að kynnast fólki og efla eigin hæfileika í félagslegum samskiptum.

Þetta þekkjum við vel, enda erum við öll sjálfbóðaliðar. Við sem tökum að okkur að vera í forsvari og höfum starfað lengi, vitum að þakklætið getur falist í þögninni. Þ.e.a.s. ef áreitið minnkar þá eru menn sáttari við okkar störf. En hvað með hinn almenna sjálfbóðaliða. Hver á að þakka honum, hrósa honum? Það er hlutverk okkar sem erum í forsvari. Það er hluti af starfi okkar að halda utan um aðra sjálfbóðaliða, hrósa þeim og hvetja áfram.

Dags daglega er mikið velt fyrir sér þjálfun, líkamlegri og andlegri þjálfun iðkenda. En hvað með þjálfun og endurgjöf til sjálfbóðaliðanna?

Hvernig gefum við þeim klapp á bakið, hvernig hrósum við þeim fyrir störfin?

Í þeim tilgangi væri hægt að nýta sér sérstakan dag. Dag sjálfbóðaliðans. Árið 1985 tilnefndu Sameinuðu þjóðirnar 5. desember sem alþjóðlegan dag sjálfbóðaliða. Tilgangurinn var að vekja athygli á framlagi sjálfbóðaliða í samfélaginu. Það er umhugsunarefni að við nýtum okkur þennan dag í þeim tilgangi að viðurkenna og fagna sjálfbóðaliðunum innan UMSK, fyrir framlag þeirra og skuldbindingu.

Ágætu Þingfulltrúar.

Ég vil að lokum þakka stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélagunum fyrir frábært starf og samstarf á starfsárinu og býð ný félög velkomin.

Valdimar Leó Friðriksson

Formaður UMSK



Stjórn UMSK



Formaður:

Valdimar Leó Friðriksson.
Furubýggð 32, 270 Mosfellsbæ,
neffang valdimarleo@umsk.is



Varastjórn:

Sólveig Jónsdóttir.
Borgarholtsbraut 27, 200 Kópavogur



Varaformaður:

Magnús Gíslason.
Gullsmára 9, 201 Kópavogur



Þorsteinn Þorbergsson.
Ásbúð 3 Garðabæ



Gjaldkeri:

Guðmundur Sigurbergsson.
Lindasmára 57, 201 Kópavogur



Helga Jóhannesdóttir.
Hjarðaland 4a Mosfellsbæ



Ritari:

Margrét Björnsdóttir.
Fellasmára 10, 201 Kópavogi.



Framkvæmdastjóri:

Valdimar Smári Gunnarsson.
umsk@umsk.is,
sími 5144090 / 8948503



Meðstjórnandi:

Lárus B. Lárusson.
Lindarbraut 8, 170 Seltjarnarnes

Skrifstofan

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík
og er opin alla virka daga frá 9:00 -16:00.

Fjöldi þingfulltrúa á 92. ársþingi UMSK

	Félag	félagar	Þingfulltr.
1	Augnablik	110	1
2	Bogfímifélagin Boginn	321	3
3	Dansfélagið Hvönn	373	4
4	Dansíþróttafélag Kópavogs	740	6
5	Fótboltafélagið Skínandi	19	1
6	Golfklúbbur Álfþaness	191	2
8	Golfklúbburinn Mosfellsbæjar	1118	9
9	Golfklúbburinn Nesklúbburinn	649	5
10	Golfklúbburinn Oddur	1283	9
11	Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1749	9
12	Handknattleiksfélag Kópavogs	9300	9
13	Hestaíþróttafélagið Hörður	649	5
14	Hestamannafélagið Adam	46	1
15	Hestamannafélagið Sóti	106	1
16	Hestamannafélagið Sprettur	887	8
17	Hjólreiðafélagið Hjólamenn	63	1
18	Hnefaleikafélag Kópavogs	68	1
19	Hvíti riddarinn	58	1
20	Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	98	1
21	Íþróttafélagið Gáski	34	1
22	Íþróttafélagið Gerpla	6985	9
23	Íþróttafélagið Glóð	150	2
24	Íþróttafélagið Gróttu	1631	9
25	Júðófélag Garðabæjar	6	1
26	Knattspyrnufélag Garðabæjar	52	1
27	Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	140	1
28	Knattspyrnufélagið Krían	24	1
30	Knattspyrnufélagið Vatnaliljur	27	1
31	Knattspyrnufélagið Örninn	30	1
32	Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	39	1
33	Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar	39	1
34	Lyftingafélag Kópavogs	17	1
35	Lyftingafélag Garðabæjar	83	1
36	Rugbyfélagið Stormur	25	1
37	Siglingafélagið Ýmir	321	3
38	Skautafélagið Fálkar	109	1
39	Skotfélag Kópavogs	308	3
40	Skylmingafélag Seltj.	35	1
41	Stálúlfur	99	1
42	Tennisfélag Garðabæjar	181	2
43	Tennisfélag Kópavogs	557	6
44	Umf. Álfþaness	1187	9
45	Umf. Breiðablik	9644	9
46	Umf Drengur	0	1
47	Umf. Stjarnan	5584	9
48	Afturelding	6164	9
49	Motomos	238	2

Aðildarfélagög UMSK 2015



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Dagný Kristinsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 8.177
Fjöldi iðkenda: 2.476



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Álftaness
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 1459
Fjöldi iðkenda: 404



Breiðablik www.breidablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogs
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Hannes Strange
Fjöldi félagsmanna: 13.128
Fjöldi iðkenda: 3.179



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Harpa Þorláksdóttir
Fjöldi félagsmanna: 12.180
Fjöldi iðkenda: 1.758



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurður Bjarnason
Fjöldi félagsmanna: 8.398
Fjöldi iðkenda: 4.276



Gróttu www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttu, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Sigríður G. Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 2.705
Fjöldi iðkenda: 2.020



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 12.407
Fjöldi iðkenda: 3.716



Ymir www.siglingafelag.is
Siglingafélagið Ymir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Sigríður G. Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 324
Fjöldi iðkenda: 270



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: desember 2014
Formaður: Guðjón Karl Þórisson
Fjöldi félagsmanna: 1.238
Fjöldi iðkenda: 1.238



Gáski
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon
Fjöldi félagsmanna: 34
Fjöldi iðkenda: 30



Ungmennafélagið Drengur
Félagið stofnað: 15. ágúst 1915
Formaður: Guðný Ívarsdóttir
Fjöldi félagsmanna:
Fjöldi iðkenda:



GKG www.gkg.is
Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Guðmundur Oddsson
Fjöldi félagsmanna: 2.048
Fjöldi iðkenda: 2.048



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Jóna Dís Bragadóttir
Fjöldi félagsmanna: 755
Fjöldi iðkenda: 755



Sprettur www.sprettarar.is
Hestamannafélagið Sprettur, Kópavogi/Garðabæ
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 1.205
Fjöldi iðkenda: 1090



SFK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Jóhann A Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna: 310
Fjöldi iðkenda: 152



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 755
Fjöldi iðkenda: 673



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Ingi Þór Hermannsson
Fjöldi félagsmanna: 1.312
Fjöldi iðkenda: 1.312



Söti www.hmfsoti.com/
Hestamannafélagið Söti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jóhann Þór Kolbeins
Fjöldi félagsmanna: 146
Fjöldi iðkenda: 146



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Ólafur Ingi Ólafsson
Fjöldi félagsmanna: 679
Fjöldi iðkenda: 679



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Friðrik Þór Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 110
Fjöldi iðkenda: 85



ÍAK

Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson
Fjöldi félagsmanna: 98
Fjöldi iðkenda: 83



Hvönn www.hvonn.com

Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 814
Fjöldi iðkenda: 196



DÍK www.dansari.is

Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.521
Fjöldi iðkenda: 517



Riddarinn www.riddarinn.is

Hvítir Riddararinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Agnar Freyr Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 58
Fjöldi iðkenda: 57



Skylm. Seltj. n.

Skýlmingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Helgi Njálsson
Fjöldi félagsmanna: 52
Fjöldi iðkenda: 47



ÍGK www.glod.is

Íþróttafélagið Glöð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 150
Fjöldi iðkenda: 190



GA [www.golf.is /pages/klubbar/klubbasida/](http://www.golf.is/pages/klubbar/klubbasida/)

Gólfklúbbur Álfþaness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Björn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 213
Fjöldi iðkenda: 192



Hjólamenn www.hjolamenn.is

Hjólreiðafélagið Hjólamenn
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004
Formaður: Árni Guðlaugsson
Fjöldi félagsmanna: 50
Fjöldi iðkenda: 50



Motomos www.motomos.is

Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Bjarni Sigurgeirsson
Fjöldi félagsmanna: 268
Fjöldi iðkenda: 111

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Fjöldi félagsmanna: 41
Fjöldi iðkenda: 23



Tennisfélag Garðabæjar www.tfg.is

Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eyþór Rafn Þórhallsson
Fjöldi félagsmanna: 284
Fjöldi iðkenda: 259



Knattspyrnufélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 52
Fjöldi iðkenda: 31



Hestamannafélagið Adam Kjós

www.kjos.is/
felagasamtok/hestamannafelagid-adam
Félagið stofnað: 8. febrúar 2007
Formaður: Björn Guðbrands Ólafsson
Fjöldi félagsmanna: 51
Fjöldi iðkenda: 51



Íþróttafélagið Stálúlfur

www.stalulfur.blogcentral.is/
Kópavogi
Félagið stofnað: 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Fjöldi félagsmanna: 99
Fjöldi iðkenda: 97



Judófélag Garðabæjar www.jg.is

Félagið stofnað: 27. Maí 2010
Formaður: Björn Halldór Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 69
Fjöldi iðkenda: 41



Kraftlyftingaf. Seltjarnarness - Zetorar

Félagið stofnað: 10. janúar 2011
Formaður: Grétar Dór Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 39
Fjöldi iðkenda: 39



Skautafélagið Fálkar

Kópavogi
Félagið stofnað: 20. október 2010
Formaður: Vilhelm Patrick Bernhöft
Fjöldi félagsmanna: 110
Fjöldi iðkenda: 98

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Fjöldi félagsmanna: 27
Fjöldi iðkenda: 27



Bogfímifélagið Boginn www.boginn.is

Kópavogi
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012
Formaður: Guðmundur Þ Guðjónsson
Fjöldi félagsmanna: 389
Fjöldi iðkenda: 389



Knattspyrnufélagið Vatnaliljur

Kópavogi
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Fjöldi félagsmanna: 27
Fjöldi iðkenda: 19



Knattspyrnufélagið Skínandi

Garðabæ

Félagið stofnað: 7. Janúar 2012

Formaður: Baldur G Jónsson

Fjöldi félagsmanna: 19

Fjöldi iðkenda: 4



Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

Kópavogi

Félagið stofnað: 17. mars 2008

Formaður: Hafþór Karlsson

Fjöldi félagsmanna: 140

Fjöldi iðkenda: 17



Knattspyrnufélagið Örninn

Kópavogi

Félagið stofnað: 18. des 2013

Formaður: Vífill Traustason

Fjöldi félagsmanna: 30

Fjöldi iðkenda: 38



Knattspyrnuf. Kría

Seltjarnarnesi

Félagið stofnað: 15. Janúar 2014

Formaður: Gunnar Þorbergur Gylfason

Fjöldi félagsmanna: 24

Fjöldi iðkenda: 24



Hnefaleikafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 21. febrúar 2013

Formaður: Karen Ósk Nilsen Björnsdóttir

Fjöldi félagsmanna: 119

Fjöldi iðkenda: 119

Dansfélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 25. ágúst 2012

Formaður: Ingibjörg Gísladóttir

Lyftingafélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 25. mars 2013

Formaður: Árni Björn Kristjánsson

Fjöldi félagsmanna: 96

Fjöldi iðkenda: 96



Lyftingafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 13. sept 2013

Formaður: Jens Andri Fylkisson

Fjöldi félagsmanna: 21

Fjöldi iðkenda: 19

Umsók eftirfarandi félaga verða teknar fyrir á þinginu:

Þríhjóll

Krikkeffélag Kópavogs

UMSK í tölum

Fjöldi aðildarfélaga

48

Fjöldi iðkenda

29.035

(karlar 56,7%, konur 43,3%).

Fjölgun iðkenda 6,1% frá fyrra ári.

16 ára og yngri 51,6% iðkenda.

Fjöldi félagsmanna

72.176

(karlar 50,1% konur 49,9%).

Fjölgun félagsmanna 8,4% frá fyrra ári.

16 ára og yngri 28,7 % félagsmanna

Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein sem stundaðar eru innan UMSK

Íþróttagrein:	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Bandý	0	40	43	24	42	59	118	150
Blak	368	409	451	585	633	782	920	1008
Bogfimi							311	389
Badminton	47	74	62	68	0	52	71	71
Borðtennis	75	79	40	66	77	77	89	97
Dans	724	700	865	870	1431	1400	1499	1283
Frjálsar íþróttir	260	290	273	454	425	354	502	502
Fimleikar	2640	2290	2874	2759	2815	3341	3604	3841
Golf	4575	4985	4585	4936	4638	4894	4855	5469
Hjólreiðar	36	36	36	39	39	42	65	0
Hnefaleikar							64	119
Handknattleikur	1908	2066	1980	2013	2091	2557	2492	2680
Judó				19	19	19	19	41
Íþróttir fatlaðra	37	35	35	33	33	33	30	30
Íþróttir fyrir alla	692	684	974	944	955	956	1236	1406
Íshokki							98	98
Karate	281	252	336	380	320	280	315	288
Körfuknattleikur	826	975	1138	1185	997	963	911	1045
Kraftlyftingar	0	27	77	103	235	364	351	407
Knattspyrna	3122	3086	3720	3778	3765	4032	4933	5457
Hestaíþróttir	2095	1884	1995	1936	1991	1990	1909	2042
Lyftingasamband								115
Motorsport	107	155	165	180	197	204	227	111
Siglingar	230	232	239	241	246	250	253	252
Skák							27	0
Skíði	153	153	101	111	81	72	109	85
Skylmingar	20	39	39	39	39	39	47	47
Sund	54	103	316	658	309	332	599	579
Skotfimi	118	119	119	78	170	176	152	152
Taekwondo	38	45	82	124	145	247	226	240
Tennis	685	677	848	864	821	877	1153	955
Þríþraut							63	63

Úr starfi UMSK

Árþing UMSK 2015

91. árþing UMSK var haldið fimmtudaginn 26. febrúar 2015 kl.18.00 í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Valdimar Leó Friðriksson, formaður setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þingsins. Hafsteinn Pálsson ÍSÍ og Helga Jóhannesdóttir UMFI ávörpuðu þingið og Hafsteinn veitti Öldu Kolbrúnu Helgadóttur, fyrrverandi stjórnarmanni UMSK til margra ára, silfurmerki ÍSÍ. Tvö ný félög voru tekin inn í sambandið Lyftingafélag Kópavogs og Lyftingafélag Garðabæjar.

Kosið var til stjórnar og hlutu eftirfarandi kosningu:

Valdimar Leó Friðriksson Aftureldingu formaður til eins árs, Magnús Gíslason HK og Guðmundur Sigurbergsson Breiðabliki stjórnarmenn til tveggja ára. Áfram sitja Margrét Björnsdóttir Ymi og Lárus B. Lárusson Gróttu.

Kosnir í varastjórn til eins árs:

Helga Jóhannesdóttir Aftureldingu, Þorsteinn Þorbergsson Stjörnunni og Sólveig Jónsdóttir Gerplu.



Á þinginu voru veittar eftirfarandi viðurkenningar:

Afreksbikarar:

1. Sundbikar UMSK – Aníta Ósk Hrafnadóttir, Breiðabliki
2. Frjálfsíþróttabikar UMSK – Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki
3. Fimleikabikar UMSK – Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerplu
4. Dansbikar UMSK – Elfar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir, DÍK
5. Skíðabikar UMSK – Erla Ásgeirsdóttir, Breiðabliki
6. UMFI bikarinn – Meistaraflokkur Stjörunnar í knattspyrnu karla
7. Félagsmálaskjöldur – Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu
8. Íþróttakarl UMSK – Daníel Laxdal, Stjörnunni
9. Íþróttakona UMSK – Norma Dögg Róbertsdóttir Gerplu



Starfsmerki UMSK:

Ása Inga Þorsteinsdóttir Gerplu, Axel Ólafur Þórhannesson Gerplu, Guðmundur Þór Brynjólfsson Gerplu, Hlín Bjarnadóttir Gerplu, Lórens Rafn Kristvinsson Íþróttafélaginu Glóð, Algirdas Slapujas Stál-úlfur, Svava Ýr Baldvinsdóttir Aftureldingu, Gunnar Kristleifsson Aftureldingu, Ólafur Thoroddsen Aftureldingu, Ellen Ruth Ingimundardóttir Aftureldingu, Richard Már Jónsson Aftureldingu, Brynhildur Jónsdóttir Aftureldingu, Guðjón Helgason Aftureldingu, Hekla Klemensdóttir Aftureldingu, Andrea Magdalena Jónsdóttir Aftureldingu.

Ársskýrslan

Ársskýrsla sambandsins er gefin út í tengslum við ársþingið. Þar er að finna upptalningu á verkefnum sambandsins og ýmsar tölulegar upplýsingar. Fyrir nokkrum árum fórum við að birta í skýrslunni stutta samantekt frá aðildarfélagunum um starfið hjá þeim. Félögin hafa flest hver verið mjög dugleg við að senda inn efni frá sér. Ekki er þó hundrað prósent skil en það fækkar alltaf þeim sem ekki skila á hverju ári. Viljum við þakka félögum fyrir hversu vel þau hafa tekið í þetta. Fyrir utan það að vera ómetanleg heimild um félögin þá sýnir þetta glögggt hve mikið og öflugt starf fer fram á sambands-svæði UMSK.



Fræðsluverkefni

UMSK bauð aðildarfélagunum sínum uppá fræðslufyrirlestra 2015. Friðla Rún Þórðardóttir var með fyrirlestur um næringu íþróttafólks og Vanda Sigurgeirsdóttir með fyrirlestur sem hún kallar forvarnir og félagsleg uppbygging – hagnýtar leiðir fyrir íþróttabjálfa. Fyrirlestarnir voru haldnir hjá félögum þeim að kostnaðarlausu og mæltust vel fyrir. Ákveðið hefur verið að bjóða félögum áfram uppá þessa fyrirlestra 2016. Þeir sem hafa áhuga á

að fá þessa fyrirlestra til sín hafi samband við skrifstofuna.

Ungmennafélag Íslands hefur undanfarin ár staðið fyrir Verndum þau námskeiði undir merkjum Æskulýðsvettvangsins. Námskeiðið er byggt á efni bókarinnar, Verndum þau, og fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og unglingum. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem starfa með börnum og unglingum hjá sveitarfélögum, íþróttafélögum, æskulýðsfélögum og öðrum þeim sem áhuga hafa.

UMFÍ býður einnig uppá námskeið sem heitir „Sýndu hvað í þér býr“. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, s.s. að taka til máls, framkomu, ræðuflutningi, raddbeitingu, skipan ræðu o.fl. Einnig er farið yfir ýmislegt sem viðkemur fundasköpum, m.a. fundareglur, boðun funda, fundaskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð til-lagna, kosningar o.fl.

Bæði þessi námskeið er hægt að fá til sín félögum að kostnaðarlausu. Þeir sem áhuga hafa að fá slíkt námskeið til sín snúi sér til skrifstofu UMSK eða skrifstofu UMFÍ.

Starfskýrslur

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sersambönd skila inn skýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Skýrslunum skal skila í Felix - félagakerfi íþróttahreyfingarinnar www.felix.is.

Í starfsskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttagreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár. Þannig er hægt að vinna tölfraði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttagreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum og úthlutun á Lottói.

Mikilvægt er að standa við dagsetningu skilafrests og viljum við hvetja menn til þess.



Ferð til Danmerkur

Þrír fulltrúar úr stjórn UMSK fóru með UMFÍ í heimsókn til DGI í Danmörku. DGI er systursamtök UMFÍ og var heimsóknin mjög áhugaverð en DGI eru mjög öflug og framsækin samtök og margt sem við getum sótt til þeirra. Sérstaklega var gaman að sjá hve óhræddir frændur okkar eru við að gera breytingar og breyta verkefnum og aðlagða að nútímanum. Einnig reka samtökin mjög öfluga fræðslu bæði til stjórnenda, bjálfa og iðkenda.

Þeir sem áhuga hafa að kynna sér starfsemi þeirra þá er heimasíða þeirra www.dgi.dk



Stjórnarfundir

Stjórn UMSK hefur haldið níu fundi á tímabilinu. Stjórnarfundir eru haldnir á skrifstofu sambandsins í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Felix uppfærður

Félagakerfið Felix var innleitt fyrir ÍSÍ og UMFÍ árið 2002. Kerfið er því búið að vera í notkun í yfir 10 ár og tímabært að uppfæra kerfið í nýja útgáfu sem tekur mið af tækniþróun, reynslu notenda og nýjum þörfum og er sú vinna hafin. Markmiðið með endurbótum á félagakerfinu eru tvíþættar. Annarsvegar er um að ræða einfaldaða útgáfu af miðlægu starfsskýrslu-, tölfraði- og skýrslugerðarkerfi og hins vegar nýtt félagakerfi í vefumhverfi sem verður hannað sem sjálfstætt kerfi fyrir hverja starfsstöð í íþróttahreyfingunni. Kerfin munu vinna saman sem heildstæð lausn auk þess sem önnur kerfi 3ja aðila munu tengjast kerfinu með vefþjónustum. Stefnt er að því að nýta sjálfvirkar vefþjónustur á milli kerfa til að uppfæra miðlægan grunn kerfisins þ.a. hann sýni rauntölur á hverjum tíma.



Lottóið og getraunir

Íslensk getspá og Íslenskar getraunir eru tvö sjálfstæð félög en með einn framkvæmdastjóra. Í gildi er þjónustusamningur milli félaganna um að Íslensk getspá sjái um rekstur Íslenskra getrauna. Hluti af andvirði allrar sölu félaganna renna beint

til uppbyggingar og starfsemi æskulýðs- og íþróttamála og til málefna öryrkja.


Íslensk getspá er í eigu Íþrótt- og ólympíusambands Íslands sem á 46,67% hlut, Öryrkjabandalagið á 40% og Ungmennafélag Íslands 13,33%.

Íslenskar getraunir eru sjálfseignarstofnun innan íþróttahreyfingarinnar þar sem aðild eiga ÍSÍ og UMFÍ eins og hjá Íslenskri getspá, auk Knattspyrnusambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþróttanefndar ríkisins.

Lottó 2015



Skipting Lottó



Lottótekjur UMSK

UMSK fær tekjur úr Lottói bæði frá UMFÍ og ÍSÍ. Lottóinu er síðan deilt út til félaganna eftir ákveðnum reglum.

Lottóreglur UMSK eru eftirfarandi:

1. 14% renna til sambandsins
2. 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 79% renna til aðildarféлага samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):
 - Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.
 - Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13-18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19-24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Tekjur af Lottóinu hafa verið að aukast ár frá ári. Sem dæmi þá voru heidartekjur 2012 kr. 49.349.882 en 2015 eru

tekjurnar kr. 67.292.541. Til félaga var úthlutað 2015 53.161.108 í Afrekssmannasjóð fór 4.710.478 og til sambandsins 9.420.956.

Listi yfir úthlutun til félaga: Lotto til félaga 2015

Adam	195,273
Afturelding	5,550,228
Augnablik	121,529
Boginn	640,246
Breiðablik	7,716,352
DÍK	1,178,923
Fálkar	111,882
GÁ	260,449
Gáski	25,610
Gerpla	3,890,189
GKG	2,538,353
Glóðin	261,223
GN	612,069
GOB	225,224
Gróttu	3,133,638
Hjólamenn	74,270
HK	8,073,188
Hvönn	850,260
Hörður	1,092,850
ÍAK	80,245
Ísbjörninn	22,195
Júdó Garð	77,760
KFG	59,691
Kjölur	783,782
Kraft Mos	29,800
Motomos	308,383
Oddur	1,183,262
Riddarinn	92,045
Skínandi	4,684
Skoff. Kóp	162,198
Skylm.Seltj.	89,551
Sóti	322,029
Sprettur	1,890,835
Stálúlfur	116,953
Stjarnan	7,380,631
Stormur	34,864
TFG	581,794
TFK	1,814,056
UMFA	1,215,115
Vatnaliljur	56,525
Ýmir	326,957
Zetor	29,444
	53,214,555



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi.

Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að lítið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem hún veitir öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanager þarf íþróttahreyfingin að sýna það í verki að hún geri raunhæfar kröfur til sjálftrar sín hvað varðar gæði og innihald þess starfs sem hún vinnur. Þetta hefur hún gert með samþykkt stefnuýfirlýsinga um afmarkaða málaflokka, þar sem fram kemur að hvernig starfi sé stefnt. Slíkar stefnuýfirlýsingar hafa m.a. verið samþykktar um barna- og unglinga-starf, menntun þjálfara og forvarnastarf.

Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög eða deildir sótt um viðurkenningu til ÍSÍ miðað við þær gæðakröfur sem íþróttahreyfingin gerir. Standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu á því frá ÍSÍ og geta kallað sig Fyrirmyndarfélag eða Fyrirmyndardeild.

Fyrirmyndarfélag/deildir innan UMSK

Breiðablik

Knattpyrnudeild, Sunddeild, Kraftlyftingadeild, Skíðadeild

Stjarnan

Aðalsjórn, Körfuboltadeild, Lyftingadeild, Sunddeild, Fimleikadeild, Blakdeild, Knattspyrnudeild, Handknattleiksdeild

Afurelding

Karatadeild, Fimleikadeild, Frjálsíþróttadeild

Hestamannafélagið Hörður

Gróttu

Fimleikadeild, Handknattleiksdeild, Knattspyrnudeild

HK

Blakdeild, Knattspyrnudeild, Handknattleiksdeild

Fyrirmyndahéraðssamband

Í stefnumótun UMSK er eitt að markmiðunum að UMSK verði fyrirmyndarhéraðssamband. Hafin er vinna að því að UMSK geti fengið slíka vottun í byrjun árs 2017.



Skrifstofa UMSK

Skrifstofa UMSK er á Engjavegi 6, 104 Reykjavík (Íþróttamiðstöðinni Laugardal). Framkvæmdastjóri sambandsins er Valdimar Gunnarsson. Þar er daglegum rekstri sambandsins stýrt auk þess geta aðildarfélagin leitað þangað eftir upp lýsingum og ráðgjöf.

Sími á skrifstofunni er 514 4090/894 8503 og netfang umsk@umsk.is. Heimasíða www.umsk.is.

Forvarnardagur

Forvarnardagur 2015 var haldinn föstudaginn 2. október. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Forvarnardagurinn er haldin að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegri sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegri er að þau neyti síðar fíkniefna. Niðurstöðurnar byggja á rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabil rannsakað áhættuhegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt.

Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er einn liður í verkefni UMFÍ ganga.is. Sambandsaðilar tilnefna fjall á sínu svæði og setja póstkassa á topp fjallsins með gestabók í. Reynt er að hafa fjöllin tilþölulega létt yfirferðar þannig að öll fjölskyldan geti tekið þátt. Undanfarin ár hefur UMSK tilnefnt Ulfarsfell sem okkar fjall í verkefninu og er ótrúlegur fjöldi sem skrifar sig í gestabókina á hverju sumri.



Körfuboltamót UMSK

Sumarmót UMSK í körfubolta var haldið í fyrsta sinn í ágúst. Keppt var í karla- og kvenna flokki í aldursflokknum 16-20 ára og fór mótið fram í Smáranum í Kópavogi. Hjá strákunum var það lið Breiðabliks sem bar sigurorð af liði Vals í úrslitaleik en kvennamegin var það lið Keflavíkur sem hafði sigur eftir úrslitaleik við Hauka. Góður rómur var gerður að mótinu og er stefnt á að það verði árlegt og vaxi hægt og rólega.

Dansmót UMSK

UMSK opið dansmót var haldið sunnudaginn 18. október 2015, Smáranum Kópavogi.

Þetta var í annað sinn sem slíkt mót er haldið af dansfélögum í Kópavogi. Dansfélögin eru: Dansíþróttafélag Kópavogs, Dansfélagið Hvönn og Dansdeild HK.

Mótið tókst einstaklega vel og er þetta orðið eitt að stærstu dansmótum á landinu.

Handboltamót UMSK

UMSK mót karla í handknattleik var haldið í Digranesinu 12. - 15. ágúst og var í umsjón handknattleiksdeildar HK. Fjögur lið tóku þátt í mótinu en það voru HK, Grótt, Stjarnan og Afturelding.

Þetta var í sjötta sinn sem mótið er haldið og hefur verið keppt í karla og kvennaflokki nema í þetta sinn en ekki náðist í kvinnalið. Stjarnan sigraði með fjögur stig eins og Afturelding en vann á innbyrðis viðureign.

Markahæsti leikmaður mótsins var Starri Friðriksson Stjörnunni með 22 mörk og var hann jafnframt valinn besti leikmaður mótsins

Sundmót UMSK

Meistaramót UMSK í sundi var haldið í Sundlaug Kópavogs í október. Eitthundrað og þrír keppendur frá þremur félögum innan UMSK tóku þátt þ.e. Breiðablik, Afturelding og Stjarnan. Mótið heppnaðist mjög vel og góður árangur hjá mörgum. Stigahæstu einstaklingarnir voru eftirfarandi:

Stigahæstu sund 13-14 ára telpur

1. sæti Regína Lilja Gunnlaugsdóttir Breiðablik
2. sæti Katrín Eva Jóhannesdóttir Afturelding
3. sæti Agatha Elín Steinþórsdóttir Breiðablik

Stigahæstu sund 15 ára og eldri konur

1. sæti Elín Ylfa Viðarsdóttir Breiðablik
2. sæti Ragnheiður Karlsdóttir Breiðablik
3. sæti Athena Neve Leex Breiðablik

Stigahæstu sund 13-14 ára drengir

1. sæti Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik
2. sæti Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
3. sæti Björn Axel Agnarsson Breiðablik

Stigahæstu sund 15 ára og eldri karlar

1. sæti Huginn Hilmarsson Breiðablik
2. sæti Sveinbjörn Pálmi Karlsson Breiðablik
3. sæti Davíð Fannar Ragnarsson Afturelding



Bocciamót UMSK

Bocciamót UMSK fyrir 50+ var haldið í Íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ í febrúar. Um þrjátíu lið voru skráð til keppni sem er fækkun frá síðustu mótum sem hugsanlega má rekja til þess að mikið var um veikindi og erfiða færð á vegum landsins á þessum tíma.

Sigurveggarar í mótinu voru eftirfarandi:

Páll Jónsson – Þórunn Guðnadóttir – Árborg
Anna Albertsdóttir – Ragna Guðvarðardóttir – Gjábakka
Ágúst Þorsteinsson – Hilmar Bjartmarz – Garðabæ



Skólahlaup UMSK

Í haust hélt UMSK hið árlega Skólahlaup UMSK. Rúmlega eittþúsund nemendur í 4. -7. bekk í grunnskólum á sambandssvæði UMSK tóku þátt í hlaupinu. Hlaupið fór fram á Kópavogsvelli í frábæru veðri. Aldrei áður hafa jafnmargir tekið þátt og hefur þátttaka aukist jafnt og þétt síðustu ár. Þrír fyrstu í hverjum árgangi fá verðlaunapening bæði í stráka- og stelpnaflokki. Skólarnir keppa um bikar (Bræðrabikarinn) en bikarinn hlýtur sá skóli sem hlutfallslega er með flesta þátttakendur.

Hér koma nöfn þeirra sem lentu í 1. -3. sæti í hverjum aldursflokki:

4. bekkur stúlkur

Ingunn Böðvarsdóttir Kópavogsskóla
Leóna Hristovska Lindaskóla
Katrín Ósk Lágafellsskóla

4. bekkur strákar

Bóas Máni Alfreðsson Lindaskóla
Björn Einarsson Lágafellsskóla
Sindri Sigurjónsson Lágafellsskóla

5. bekkur stúlkur

Karen Guðbjartsdóttir Lágafellsskóla
Margrét Lea Gísladóttir Lindaskóla
Sigríður Svava Kristinsdóttir Hofstaðaskóla

5. bekkur strákar

Arnar Smári Arnarsson Lindaskóla
Bjartmar Dagur Marteinsson Lágafellsskóla
Trausti Þráinsson Lágafellsskóla

6. bekkur stúlkur

Þórdís Katla Sigurðardóttir Lindaskóla
Eyrún Vala Harðardóttir Kópavogsskóla
Sara Dögg Áspórsdóttir Lágafellsskóla

6. bekkur strákar

Eiður Baldvin Baldvinsson Hofstaðaskóla
Alexander Aron Tómasson Lágafellsskóla
Viktor Andri Pétursson Lindaskóla

7. bekkur stúlkur

Klara Mist Karelisdóttir Flataskóla
Hildigunnur Ýr Benediktsdóttir Flataskóla
Guðrún Edda Sigurðardóttir Lindaskóla

7. bekkur strákar

Kristófer Konráðsson Lágafellsskóla
Ívar Orri Gissurarson Álfhólsskóla
Tómas Bjarki Jónsson Lindaskóla

Bræðrabikar

Skóli:	Fjöldi	nem.fj.	%
Flataskóli	146	262	56%
Hofstaðaskóli	167	277	60%
Lágafellsskóli	172	284	61%
Lindaskóli	174	211	82%
Álfhólsskóli	129	280	46%
Kópavogsskóli	69	132	52%
Smaraskóli	80	137	58%



Þing UMFI

Haukur Valtýsson frá Akureyri var kjörinn formaður Ungmennafélags Íslands á þingi þess sem fram fór í Vík í Mýrdal í október. Haukur tekur við formennsku af Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur sem gegndi embætti formanns UMFI í átta ár. Haukur gegndi áður embætti varaformanns UMFI. Á þinginu var einnig kynntur nýr framkvæmdastjóri UMFI en það er Auður Þorsteinsdóttir en hún kemur úr okkar röðum þar sem hún var áður framkvæmdastjóri Gerplu. UMSK átti 18 þingfulltrúa á þinginu og Helga Jóhannesdóttir Aftureldingu og Guðmundur Sigurbergsson Breiðablik voru kosin í stjórn og varastjórn UMFI.

Í nýrri stjórn UMFI sitja til næstu tveggja ára:

Örn Guðnason,
Hrönn Jónsdóttir,
Ragnheiður Högnadóttir,
Helga Jóhannesdóttir,
Gunnar Gunnarsson og Björn Grétar Baldursson.

Í varastjórn eru:

Sigurður Óskar Jónsson,
Þorgeir Örn Tryggvason,
Guðmundur Sigurbergsson og
Kristinn Óskar Grétuson.

Söguritun

Jón M. Ívarsson hefur verið að skrifa sögu UMSK. Búið er að skrifa söguna til 1962 og safna öllum myndum sem því tímabili tilheyrir en það hefur verið talsverð vinna við það. Næstu ár ættu að vera auðveldari því þá erum við kominn nær í tíma og auðveldara ætti að vera að ná í heimildir.

Íþróttaping ÍSÍ

Íþróttaping ÍSÍ var haldið í Gullhömrum 17. -18. apríl. UMSK var með 15 fulltrúa á þinginu. Lárus L. Blöndal var einróma endurkjörinn forseti ÍSÍ til næstu tveggja ára. Í framkvæmdastjórn voru eftirtaldir kjörnir: Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnar Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Örn Andrésson. Í varastjórn voru kjörin þau Jón Finn bogason, Lilja Sigurðardóttir og Pórey Edda Elísdóttir.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 27. nóvember, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ gefur skýrslu um helstu þætti í starfsemi ÍSÍ og verkefni á milli þinga. Valdimar Leo Friðriksson sat fundinn fyrir hönd UMSK.



Landsmót 50 + Húsavík

Landsmót UMFI 50+ var haldið á Blönduósi í júní í blíðskaparveðri. Góð þátttaka var á mótinu og er nokkuð ljóst að þetta mót er komið til að vera. Þetta var í fimmta sinn sem mótið er haldið. Mótið er skemmtileg viðbót í landsmótsflóru UMFI en eins og nafnið bendir til þá er mótið fyrir þá sem eru 50 ára og eldri. Eins og á öðrum landsmótum þá er það íþróttakeppnin sem skipar stærstan sess á mótinu en síðan eru það fjölmargir viðburðir sem skreyta dagskrána. Lögð er áhersla á að þátttakendur hafi gaman og skemmti sér saman.



Unglingalandsmót UMFI

Unglingalandsmót UMFI eru vímulaus íþróttar og fjölskylduhátíð sem haldin er árlega og ætíð um verslunarmannahelgina. Mótin eru haldin á mismunandi stöðum og var haldið á Akureyri. Unglingalandsmótið er öllum opið á aldrinum 11 - 18 ára. Allir geta tekið þátt, óháð hvort viðkomandi sé í einhverju íþróttafélagi eða ekki. UMSK hefur niðurgreitt þátttökugjöl keppenda af UMSK svæðinu og í ár voru 209 þátttakendur frá UMSK. Næsta Unglingalandsmót verður haldið í Borgarnesi.



Hreyfivika UMFI

UMFI hefur núna fjögur ár í röð tekið þátt í Evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move eða Hreyfivika UMFI. Markmið verkefnisins er að að fá hundrað milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Fjölmörg félög á UMSK svæðinu tók þátt í verkefninu sem er kjörið til þess að kynna starf félaganna auk þess að fá fleiri til að hreyfa sig.



Afreksmannasjóður


Úthlutun:

Afreksmannasjóður er fjármagnaður með 7% af Lotótekjum sambandsins og nam framlag í sjóðinn 4.710.478 ári 2015. Úr sjóðnum var greitt 4.205.250.


Í reglugerð sjóðsins segir að eftirfarandi verkefni séu styrkhæf: Þáttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum innanlands og utan og Olympíuleikum. Einnig styrkir sjóðurinn þjálfara til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima.

Dreifing á úthlutaðum styrkjum til félaga:

Dreifing þjálfarastyrkja eftir félögum:



Dreifing styrkja eftir félögum:



Dreifing styrkja eftir bæjarfélögum:



Íþróttasjóður Ríkisins

Íþróttasjóður ríkisins auglýsir styrki einu sinni á ári 1. Október.

Sjóðurinn styrkir eftirfarandi verkefni:

- Sérstök verkefni á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar.
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna.
- Íþróttarannsóknir.
- Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga

Úthlutun úr sjóðnum fyrir 2016 (umsókn 1. okt. 2015).

Úthlutað var eftirfarandi:

Aðstaða:	9.500.000 kr.
Fræðsla og útbreiðsla:	2.500.000 kr.
Rannsóknir:	3.500.000 kr.
Samtals:	15.500.000 kr.

Verkefni á UMSK svæðinu sem fengu styrk:

Íþróttaskóli barna 3-6 ára - Breiðablik ungmennafélag 100.000.

Leikfimi eldri borgara - Breiðablik ungmennafélag 100.000.

Dýnukaup á steypt gólf -

Hnefaleikafélag Kópavogs 150.000. Leikfimidýnur

- Íþróttafélagið Glóð Kópavogi 50.000.

Kaup á snjallboltum

- Knattspyrnudeild Breiðabliks 250.000.

World Aquatic Development Conference

- Sunddeild Breiðabliks 100.000



Framtíðin

Framtíðin er verkefni sem UMSK fékk Dr. Viðar Halldórsson til að taka saman fyrir sambandið. Verkefnið samanstendur af leiðbeiningum og ábendingum til þjálfara um mikilvægi þess að þjálfu upp félagslega þætti samfara þjálfun líkamlegra þátta. Félög sem áhuga hafa á að fá þetta verkefni til sín vinsamlegast snúið ykkur til skrifstofu UMSK.

Verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagsshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Styrkir úr verkefnasjóði UMFÍ:

Fimleikadeild Stjörnnunnar	
- v. þjálfarnámskeið 1B á vegum FSÍ	14.500
Fimleikadeild Stjörnnunnar	
- v. vinnubúða með Gerrit Belmann á vegum FSÍ	12.000
Fimleikadeild Stjörnnunnar	
- v. móttökunámskeið á vegum FSÍ	8.000
Fimleikadeild Stjörnnunnar	
- v. námskeið í kóreógrafíu á vegum FSÍ	52.500
Karatedeild Breiðabliks	
- v. námskeiðs fyrir GÓ og EH	100.000
UMSK - v. fræðsluáttak UMSK 2015	150.000
Karatedeild Breiðabliks - v. æfingabúða fyrir HJ	50.000
Blakdeild Aftureldingar - v. heimsóknar RÁ	50.000
Handknattleiksdeild Gróttu - v. námskeiðs KG	50.000
Knattspyrnudeild Breiðabliks - v. námskeiðs DR	50.000
Afturelding - v. afmælistóts	
Gogga galvaska	100.000
Glóð - v. tilraunaverkefnisins „Allir með“	100.000
Handknattleiksdeild Gróttu - v. þjálfarnámskeiðs	50.000
Fimleikadeild Umf. Stjarnan - v. námskeiðs	14.500
Fimleikadeild Umf. Stjarnan	
- v. námskeið í danskennslu	38.600
Fimleikadeild Umf. Stjarnan	
- v. námskeið í stökkþjálfun	38.600
Fimleikadeild Umf. Stjarnan	
- v. námskeið í kóreógrafíu	50.000
Badmintondeild Aftureldingar UMSK	
- v. þjálfarnámskeiðs	45.000
Afturelding - v. námskeiðs	50.000
Íþróttafélagið Gerpla - v. þjálfarnámskeiðs 1C	50.000
Íþróttafélagið Gerpla - v. námskeið í hóp fimleikum	50.000
Íþróttafélagið Gerpla - v. útbreiðslu verkefna	50.000
Íþróttafélagið Glóð - v. ferðar á Golden age 2016	50.000
Taekwondodeild HK - v. kynningarefnis	50.000
Sunddeild Breiðabliks - v. ráðstefnu í Svíþjóð	50.000
Íþróttafélagið Gerpla - v. námskeiðs	50.000

Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlega framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Auglýst er eftir umsóknum í lok hvers árs og úthlutun fer svo fram í febrúarmánuði. Öll félög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Samtals fyrir árið 2015 voru 82 milljónir til úthlutunar.

Til félaga innan UMSK var úthlutað kr. 5.868.466.

Eftirfarandi félög fengu styrk:

1114	Kría	UMSK	11.930
170	Íþróttafélagið Gróttu	UMSK	739.298
200	Breiðablik	UMSK	1.137.314
203	HK	UMSK	1.126.426
210	Stjarnan	UMSK	952.204
212	GKG	UMSK	46.646
226	Umf. Álfthanes	UMSK	145.867
270	Afturelding	UMSK	1.623.383
285	Kraftlyftingafélag		
	Mosfellsbæjar	UMSK	4.473
288	Ísbjörninn	UMSK	30.760
289	Stálúlfur	UMSK	50.165
Samtals			5.868.466

Getraunir

Nokkur félög innan UMSK fóru 2014 í áttak til að auka tekjur sínar af getraunasölu. Það er nokkuð ljóst að það liggja möguleikar á tekjuöflun af getraunasölu en það krefst áttaks í byrjun. UMSK og Getraunir hafa boðið félögnum aðstoð við þessa vinnu og félög sem áhuga hafa á slíku vinsamlegast snúi sér til skrifstofu UMSK.

Hér fyrir neðan má sjá lista yfir hvað félög á UMSK svæðinu fengu í tekjur af getraunasölunni á árinu 2015:

Félag	Upphæð
Knattspyrnudeild Gróttu	57.115,00
Nesklúbburinn	12.264,00
Dansíþróttafélag Kópavogs	0
Umf Breiðablik	792.811,00
Tennisfélag Kópavogs	4.902,00
Íþróttafélagið Gerpla	167.659,00
Handknattfélag Kópavogs	206.622,00
Siglingafélagið Ýmir	480,00
Dansfélagið Hvönn	0
Umf. Stjarnan	322.193,00
Golfklúbbur Kópavogs og Garðab	25.555,00
Hestamannafélagið Sprettur	15.062,00
Afturelding	170.536,00
Umf. Kjalnesinga	8.495,00
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	492.149,00
Golfklúbbur Bakkakots	24.615,00
Hvíti riddarinn	100
Hestamannaf. Hörður	1.350,00
Knattspyrnufél. Ísbjörninn	16.703,00
Íþróttafél. Stálúlfur	9.773,00
Samtals:	2.328.384,00



Hlaupamörk

UMSK á tvö hlaupamörk(endamörk).

Félögin geta fengið þau lánuð þeim að kostnaðarlausu.

**Hafið samband við skrifstofu UMSK
varðandi frekari upplýsingar.**



Afrekaskrá í frjálsum íþróttum

Konur

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
60 m	7,7 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
80 m	10,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
100 m	11,79 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
200 m	24,30 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
300 m	41,2 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
400 m	55,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1987
800 m	2.06,22 mín	Hrönn Guðmundsdóttir	Breiðablik	1982
1000 m	3.01,2 mín	Ragnhildur Pálsdóttir	Stjarnan	1973
1500 m	4.22,95 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1991
1 míla	4.58,99 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
3000 m	9.31,0 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1993
5000 m	16.52,96 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
1/2 maraþon	1.32.59 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
Maraþon	3.34.30 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
100 m gr.hl.	14,11 sek	Guðrún Arnardóttir	Breiðablik	1990
300 m gr.hl.	43,78 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2010 (isl)
400 m gr.hl.	60,86 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2013
Kúluvarp	13,05 m	Vala Flosadóttir	Breiðablik	2004
Kringlukast	36,18 m	Kristín Karlsdóttir	Breiðablik	2013
Spjót kast	44,17	Irma Gunnarsdóttir	Breiðablik	2015
Sleggjukast	51,25 m	Aðalheiður M. Vigfúsdóttir	Breiðablik	2008
Langstökk	5,85 m	Sigurbjörg Ólafsdóttir	Breiðablik	2006
Þristökk	11,43 m	Guðrún Arnardóttir	Breiðablik	1991
Hástökk	1,75 m	Íris Jónsdóttir	Breiðablik	1978
Stangastökk	4,15 m	Vala Flosadóttir	Breiðablik	2004
Fimmtarþr.	3291 stig(16.0 – 5.16 – 8.59 -1.50 – 26,6)	Kristín Björnsdóttir	Breiðablik	1972
Sjöpraut	4070 stig(16,61 – 1,65 – 8,42 -27,92 – 5,01 -22,62 – 2:31.88)	Jóhanna Jensdóttir	Breiðablik	1994
4x100 m boðhlaup	48,04 sek	Sveit UMSK (Inga Úlfisdóttir, Guðrún Arnardóttir, Svanhildur Kristjónsdóttir, Berglind Erlendsdóttir)	Breiðablik	1987
4x200 m boðhlaup	1.54,1 mín	Sveit UMSK	Breiðablik	1978
4x400 m boðhlaup	3.58,47 mín	Sveit Breiðabliks (Helga K. Harðard., Herdís H. Arnalds, Arndís M. Einarisdóttir, Stefanía Valdimars.)	Breiðablik	2007
3x800 mboðhlaup	7.10,66	Sveit Breiðabliks (Árný H. Helgad., Helga K. Harðard., Herdís H. Arnaldsd.)	Breiðablik	2005
1000 m boðhlaup	2.15,8 mín	Sveit UMSK (Inga Úlfsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjónsd., Berglind Erlendsd.)	Breiðablik	1987

Karlar

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
100 m	10,79 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
200 m	21,71 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
300 m	34,44 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1994
400 m	48,42 sek	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1985
800 m	1.48,83 mín	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1987(Ísl)
1000 m	2.26,86 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1500 m	3.47,61 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1 míla	4.24,0 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
2000 m	5.53,6 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
3000 m	8.10,29 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010
3000 m hind.	9.11,84 mín	Stefán Guðmundsson	Breiðablik	2010
2 mílur	10.02,6 mín	Erlingur Þorsteinsson	Stjarnan	1974
5000 m	14.01,99 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010(Ísl)
10000 m	29.28,05 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2008(Ísl)
20000 m	1.11.56,4 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
25000 m	1.35.43,2 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
Klukkust.hl.	16.735 m	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
1/2 mar.hl.	1:05:35 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
Marab.hlaup	2:17:12 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
110 m gr.hl.	14,29 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
200 m gr.hl.	27,4 sek	Trausti Sveinbjörnsson	Breiðablik	1970
400 m gr.hl.	53,52 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1993
Langstökk	7,85 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
Þristökk	15,16 m	Karl Stefánsson	Breiðablik	1971
Hástökk	2,04 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Stangarst.	4,90 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Kúluvarp	19,31 m	Pétur Guðmundsson	Breiðablik	1987
Kringlukast	62,34 m	Magnús Aron Hallgrímsson	Breiðablik	2003
Spjót kast,ný	77,28m	Sindri Hrafn Guðmundsson	Breiðablik	2014
Sleggjukast	63,68 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Lóðkast	18,59 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Fimmtarþr.	3565 stig (7,22 – 52,92 22,94 – 34,36 – 4:32,96)	Halldór Lárusson	Afturelding	2005
Tugþraut	8390 stig(10.8 – 7,33 – 15.17 – 2,04 – 49.60 – 14,29, – 47,21 – 4,80 – 63.05 – 4:53.02)	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
4x100 m boðhlaup	42,19 sek	Sveit UMSK(Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingj Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1995
4x200 m boðhlaup	1.28,43 mín	Sveit UMSK (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingj Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1994(Ísl)
4x400 m boðhlaup	3.24,4 mín	Sveit UMSK(Sigurjón Valmunds., Einar Gunnarss., Hannes Hrafnkelss., Guðmundur Sigurðss.)	Breiðablik	1986
4 x 800 m boðhlaup	8.17,65 mín	Sveit UMSK(Kari Logason, Ólafur Margeirs.Bergur Hallgríms., Stefán Guðmunds.)	Breiðablik	2005
1000m boðhlaup	1.56,66 mín	Sveit UMSK(Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingj Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1995
1500m Boðhlaup	3.19,61 mín	Sveit Breiðabliks (Magnús V. Gíslas., Róbert Michels., Andri Karls.,Björn Margeirs.)	Breiðablik	2003



UMFÍ fréttir 2015

Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri

18. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Akureyri og var meðþáttaka í mótinu að þessu sinni. Keppnisgreinarnar hafa aldrei verið fleiri eða alls 27 talsins. Aðferingarþáttur mótsins var mjög fjölbreyttur og þar komu fram fleiri listamenn en nokkru sinni áður. Móttsslitin fóru fram á sunnudagskvöldið og var dagskráin sameiginleg með hátíðinni Ein með öllu sem var á Akureyri þessa sömu helgi. Fyrirmyndarþikar UMFÍ að þessu sinni hlaut HSK. 19. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi.



Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi

Mótið hófst föstudaginn 26. júní og því lauk sunnudaginn 28. júní. Veðurguðirnir léku við móts gesti alla helgina. 370 keppendur mættu til leiks, 251 karl og 119 konur. Fjölmennasta keppnisgreinin var boccia en 107 einstaklingar tóku þátt í þeirri keppni. Allt keppnishaldið gekk mjög vel og ánægja skein úr hverju andliti. Umgjörð mótsins var mjög góð og öll dagskráin gekk samkvæmt áætlun.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum

Starf Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ að Laugum veturinn 2014–2015 var viðburðaríkt og skemmtilegt. Nær 2000 nemendur komu á Laugar og almenn ánægja og gleði var með ferðirnar.

Stefnumótunarvinna UMFÍ

Á vörðmánuðum var hafist handa við stefnumótun UMFÍ þar sem skipulagðar og kerfisbundnar aðferðir eru notaðar við að marka stefnuna til framtíðar. Aðferðirnar byggja m.a. á greiningu á núverandi stöðu, reynt er að greina styrk- leika og veikleika með það að markmiði að styrkja framtíðarstöðu hreyfingarinnar. Hákon Gunnarsson hjá fyrirtækinu Gekon var ráðinn til að hafa yfirumsjón með verkinu. Fyrst var unnið með stjórn og starfsfólki í einni málstofu, en síðar voru stofnaðir sérstakir starfshópar um einstök verkefni og fengnir fleiri aðilar úr hreyfingunni til að leggja hönd á plóg. Miklar vonir eru bundnar við afrakstur stefnumótunarvinnunnar. Stefnit er að því á þessu ári að hefjast handa við að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd og vinna samkvæmt niðurstöðum þessarar stefnumótunarvinnu.

Evrópa unga fólksins

Evrópa unga fólksins er á öðru ári í Erasmusáætluninni sem tók við af fyrri áætlun sem starfaði frá 2007. Með breytingum á úthlutunarreglum í nýrri áætlun varð veruleg fækkun umsókna en fjöldinn fór úr 156 umsóknum 2013 í 52 árið 2014. Þar er helsta orsökina sú að ekki er lengur hægt að sækja um styrki til að framkvæma innlend frumkvæðisverkefni ungs fólks en langflestar umsóknir bárust í þann flokk. Árið 2014 nam úthlutun aðeins 82% af því fjármagni sem var til úthlutunar sem þýðir að 12% eða 29.800.000 kr. þarf að skila til baka. En sem komið er hafa félög innan ungmenna félagshreyfingarinnar lítið sem ekkert nýtt sér að sækja um styrki til EUF til að framkvæma verkefni innan sinna raða, eins og til þess að efla félagsstarfið.



49. Sambandsþing UMFÍ

49. Sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal dagana 17.-18. október. A meðal helstu tíðinda þingsins voru formannsskipti en í þingsetningarræðu tilkynnti Helga Guðrún Guðrún Guðjónsdóttir, sem gegnt hafði formennsku í átta ár,

að hún gæfi ekki kost á sér. Haukur Valtýsson og Kristinn Óskar Grétuson gáfu kost á sér til formennsku og urðu lyktir þær að Haukur var kjörinn formaður. Haukur hafði áður verið í fjögur ár varaformaður hreyfingarinnar. Eins og gengur voru ýmis mál rædd á þinginu og m.a. var samþykkt að vinna áfram að inngöngu íþróttabandalaganna í UMFÍ. Alls tóku 111 þingfulltrúar þátt í kosningum til aðal- og varastjórnar. Eftirtaldir einstaklingar hlutu kosningu í aðalstjórn UMFÍ til næstu tveggja ára: Örn Guðnason, varaformaður, Hrönn Jónsdóttir, ritari, Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Högnadóttir, meðstjórnandi, Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi, og Björn Grétar Baldursson, meðstjórnandi. Í varastjórn eru Sigurður Óskar Jónsson, Þorgeir Örn Tryggvason, Guðmundur Sigurbergsson og Kristinn Óskar Grétuson.



Hreyfivika UMFÍ

UMFÍ tekur þátt í samevrópskri lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. ISCA-samtökin (International Sport and Culture Association) halda utan um verkefnið í Evrópu. Framtíðarsýn verkefnisins er að 100 milljónir Evrópubúa verði orðnir virkir í hreyfingu og íþróttum fyrir árið 2020. Yfir 40.000 manns tóku þátt í yfir 470 viðburðum á 55 þéttbýlistöðum á landinu. Ungmennafélag Íslands fagnar öllum þeim sem áhuga hafa á að taka þátt og breiða út með okkur boðskapinn um mikilvægi hreyfingar fyrir alla. Næsta Hreyfivika UMFÍ stendur yfir dagana 22.-28. maí n.k.



Fyrirmyndarskilti

Nýtt veggspjald var útbúið og því dreift meðal sambandsaðila. Veggspjaldið var sett á álplötu, til að hægt væri að hafa það utandyra og sýnilegt sem flestum foreldrum, forráðamönnum og öðru fullorðnu fólki sem sækir íþróttaviðburði barna. Á spjaldinu stendur eftirfarandi: „Við erum öll fyrirmynd“ og þar stendur einnig: „Hér eru börn að leika“ – „Fullorðnir eiga að hvetja öll börn“ og „Dómarar eru líka fólk“. Verkefnið mæltist mjög vel fyrir enda er full þörf á vinsamlegum áminningum af þessum toga.



Forvarnardagurinn

Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Forvarnardagurinn er haldin að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.



Ungt fólk og lýðræði

UMFÍ hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Ungmennaráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ hefur nú unnið sér sess í stuðningi við þá þátttöku. Dagana 25.-27. mars 2015 var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í sjötta sinn í Stykkishólmi. Yfirskrift ráðstefnunnar var; „Margur verður af aurum api – réttindi og skyldur ungs fólks á vinnu-markaði“.

Tóbaksvarnarskilti

Tóbaksvarnarskiltið „Leiktu, lifðu og vertu án tóbaks!“ var endurgert og dreift í hreyfingunni. Skiltið var útbúið þannig að það geti verið utandyra jafnt sem innandyra. Skiltið hangir nú við flest íþróttamannvirki sambandsaðila. Skiltin er hægt að nálgast í Þjónustumiðstöð UMFÍ öllum að kostnaðarlausu.



Gönguverkefni

Ungmennafélag Íslands hefur um ára raðir staðið fyrir lýðheilsuverkefnum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að aukinni hreyfingu og samverustundum fjölskyldna. Gönguverfurinn ganga.is er eitt þessara verkefna. Vefurinn hefur að geyma upplýsingar um fjöl-

margar gönguleiðir um allt land.

Göngubókin – Göngum um Ísland er gefin út í maí ár hvert. Í bókinni er að finna upplýsingar um fjölmargar gönguleiðir víðs vegar um landið sem henta fjölskyldum.

Verkefnið Fjölskyldan á fjallið hefur staðið í nokkurn tíma. Í ár tóku fjórtán sambandsaðilar UMFÍ þátt. Verkefnið fer þannig fram að sambandsaðilar UMFÍ tilnefna fjöll í verkefnið ár hvert og sjá sjálfir um að auglýsa göngur á þau. Kössum er komið fyrir á tindum fjallanna með gestabókum sem þátttakendur eru hvattir til að skrifa í.



Æskulýðsvettvangurinn

UMFÍ er eitt aðildarfélag Aðskulýðsvettvangsins (ÆV). Önnur aðildarfélög eru Bandalag íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Markmið og tilgangur ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir.

Felix félagskerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Hlutverk Felix er fyrst og fremst að halda utan um skráningar og íþróttapátttöku landsmanna. Með einum samræmdum grunni geta allir aðilar sem koma að íþróttaiðkun í landinu nálgast sömu gögn sem tryggir að allir hafa réttar upplýsingar í höndunum. Kerfið fæ sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Skinfaxi

Fjögur röluþlöð voru gefin út auk veggja blaða sem ákveðið var að gefa út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi og Unglingalandsmótið á Akureyri. Vinnan við blöðin gekk vel, vandað var til efnistaka og söfnun auglýsinga gekk ágætlega. Lögð verður áhersla á að hafa blaðið lifilegt og áhugavert eins og jafnan, með góðu efni úr hreyfingunni.

Frjálsíþróttaskólinn

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ er ætlaður ungmennum á aldrinum 11–18 ára og stendur yfir í fimm daga. Það eru sambandsaðilar á því svæði sem skólinn er haldinn sem sjá um utanumhald og skipulag skólans og þeir leggja einnig til kennara og aðstoðarmenn til starfa við skólann.

Sýndu hvað í þér býr

Námskeiðið „Sýndu hvað í þér býr“ hefur verið vinsælt undanfarið ár. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, s.s. að taka til máls, framkomu, ræðuflutning, raddbeitingu, skipan ræðu o.fl. Einnig er kennt ýmislegt sem viðkemur fundasköpum, m.a. fundareglur, boðun funda, fundaskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar o.fl.

NSU

UMFÍ á aðild að samtökum ungmennafélaga á Norðurlöndunum, „Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde – NSU“. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Síðastliðið sumar tóku tuttugu ungmenni þátt í tveim stórum verkefnum sem NSU stóð fyrir. Ungmennavika NSU fór fram í Karpenhøj, skammt frá Árhús, dagana 3–8 ágúst sl. Leiðtogaskóli NSU fór að þessu sinni fram í Styrn og Vågsøy dagana 10.–16. ágúst sl. UMFÍ átti sæti fyrir fjóra þátttakendur á aldrinum 18–30 ára en þrjú ungmenni tóku þátt, einn strákur og tvær stúlkur. Yfirskrift leiðtogaskólans var Moutains & Fjords. Þátttakendur fengu tækifæri til að efla leiðtogahæfileika sína á fjölbreyttan máta. Skilað var inn umsókn til Nordplus vegna lýðhaskóla og samningur gerður við Højskolenshus í Kaupmannahöfn sem sér um alla lýðhaskóla í Danmörku. Tveir skólar hafa heimsótt UMFÍ og haldið kynningar á skólum sínum.

EKCYP

Dagana 25.–28. nóvember 2015 sótti landsfulltrúi UMFÍ ráðstefnu á vegum EKCYP (The European Knowledge Centre for Youth Policy) fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ráðstefnan fjallaði um rannsóknir og mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir ungmenni í Evrópu.

ISCA

UMFÍ er aðili að ISCA (International Sport and Culture Association) sem eru samtök um almenningsíþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. UMFÍ tekur þátt í mörgum verkefnum með samtökunum á hverju ári en helsta verkefni er MOVE WEEK eða Hreyfivika UMFÍ eins og hreyfingin hefur kosið að þýða verkefnið.

DGI

Dagana 7.–12. maí 2015 fór hópur ungmennafélaga í heimsókn til systursamtaka UMFÍ, DGI í Danmörku. Ferðin tókst með miklum ágætum og hefur sannað gildi sitt hvað best eftir að þátttakendur komu heim, báru saman bækur sínar, mátu eigin verkefni í sínu félagi og sögðu samferðafólki frá upplifun ferðarinnar. Eitt af meginmarkmiðum ferðarinnar var að efla



tengsl þátttakenda enda kom það á daginn að hópurinn var samheldinn og vill hag hreyfingarinnar sem mestan. Dagana 31. júlí – 5. ágúst kom stjórn DGI frá Danmörku í heimsókn. Tilgangur ferðarinnar var að upplifa Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ tók vel á móti gestunum og kynnti þeim land og þjóð. Danirnir voru ákaflega ánægðir með móttökurnar og kynnin af Unglingalandsmótinu.

V4SPORT

UMFÍ tekur þátt í verkefni með V4sport – almenningsíþróttasamtökum í Póllandi. V4Sport er aðili að ISCA eins og UMFÍ. Verkefnið miðar að því að kanna stöðu kvenna í stjórnun félaga í íþróttahreyfingum í Póllandi og á Íslandi.

Snjóboltinn

Snjóboltinn er verkefni sem Ungmennaráð UMFÍ tekur þátt í með hópi ungmenna frá Milton Keynes College á Bretlandi. Verkefnið er styrkt af Evrópu Unga fólksins og hefur það að markmiði að auka vidd og fjölbreytni í starfi ungmennafélaga.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélögin og félagsmenn. Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Viðigrund 5 á Sauðárkróki og einnig skrifstofu Evrópu unga fólksins í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Landssamband eldri borgara, Félag áhuga fólks um íþróttir aldraðra, FÁÍA, og FRÆ, Fræðsla og Forvarnir eru einnig með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Eldri ungmennafélagar

Samvinna nefndar „eldri ungmennafélaga og FÁÍA – Félag áhuga fólks um íþróttir aldraðra – hefur verið mjög náð, enda vinna þessir aðilar að sama markmiði – heilsuefning – hreyfing – gaman – saman. Segja verður að samvinna þessara aðila hafi verði kjölfesta í því starfi sem unnið hefur verið síðustu missiri. Helstu verkefni hafa verið námskeið í ringó,

boccía, pútt og síðast og ekki síst í ýmsum dönsum. Markmið nefndarinnar er að næsta vor geti UMFÍ og FÁÍA boðið til námskeiðs fyrir þá fjölmörgu sem vinna að því að efla starfsemi eldri ungmennafélaga og félaga eldri borgara um land allt.

Ungmennaráð

Ungmennaráð UMFÍ er skipað níu ungmennum sem koma alls staðar að af landinu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði frá september til maí en þess á milli nýtir ráðið samskiptamiðla til hins ýrasta til skrafs og ráðagerða. Ýmis tilfallandi verkefni koma upp á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi sem og bein tengsl við ýmis verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ráðsins undanfarið hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, Snjóboltinn og og skemmtihelgi.





Fréttapunktur frá ÍSí

Íþróttaping ÍSí

72. Íþróttaping ÍSí var haldið í Gullhömrum í Grafarholti dagana 17.-18. apríl 2015.

Lárus L. Blöndal var endurkjörinn forseti ÍSí en aðrir í framkvæmdastjórn ÍSí eru Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnlaugur Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir og Örn Andrésson.

Í varastjórn voru kjörin Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir og Þórey Edda Elísóttir.

Heiðurshöll ÍSí

Á Íþróttapingi ÍSí 2015 voru frjálsíþróttamennirnir Gunnar Huseby og Torfi Bryngeirsson útnefndir í Heiðurshöll ÍSí. Gunnar og Torfi eru báðir látnir en fulltrúar úr fjölskyldum þeirra veittu viðurkenningunum viðtöku.

Knattspyrnumaðurinn Ríkhartður Jónsson og handknattleikskonan Sigríður Sigurðardóttir voru svo útnefnd í Heiðurshöll ÍSí í hófi Íþróttamanns ársins 2015. Alls er búið að útnefna 13 einstaklinga í Heiðurshöllina.

Heimsóknir forseta ÍSí til íþróttahéraða

Í október 2015 heimsóttu Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSí Héraðssamband Vestfirðinga, Héraðssamband Bolungarvíkur og Héraðssambandið Hrafn-Flóka, skoðuðu íþróttamannvirki og funduðu með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar í hverju héraði ásamt fulltrúum frá viðkomandi sveitarfélagi. Fyrirhugað er að heimsækja fleiri íþróttahéruð á næstu mánuðum.

Formannafundur 2015

Árlegur fundur formanna sársambanda og íþróttahéraða var haldinn 28. nóvember 2015. Þar var m.a. kynnt ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSí að stofna Afrekssíþróttamiðstöð.

Forseti kynnti einnig niðurstöður vinnuhóps sem hann skipaði í upphafi árs til að skoða umhverfi afrekssíþróttafólks og samannburð við nágrannapjóðir okkar. Skýrslu vinnuhópsins má finna á heimasíðu ÍSí.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2015 voru 82 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþróttar- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Á Fjárlögum Alþingis 2016 er hækkun um 15 m.kr. og verður þá framlag í sjóðinn alls 100 m.kr. Það framlag kemur til úthlutunar í byrjun árs 2017.

Fjármögnun sársambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sársambanda ÍSí og hafa sársamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sársamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2015 var 85 m.kr.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSí

Ýmsar breytingar voru gerðar á reglugerð Afrekssjóðs ÍSí á síðasta ári. Var verið að skerpa á atriðum sem snúa að úthlutun sjóðsins, en allir styrkir Afrekssjóðs ÍSí eru veittir til sársambanda ÍSí vegna verkefna landsliðs og/eða einstaklinga. Heildarúthlutun ársins 2015 til sársambanda ÍSí var rúmlega 125 m.kr. en sambærilegar tölur fyrir árið 2014 voru um 106 m.kr. Í desember 2015 var úthlutað styrkjum vegna ársins 2016. Framlag ríkisins á fjárlögum 2016 hækkaði í 100 m.kr. og var því úthlutað 142 m.kr. sem er hæsta úthlutun sjóðsins til þessa.



Íþróttasylsasjóður

Íðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækni- skostnaðs og kostnaðs vegna sjúkráþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum Íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSí standa fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Síjóv og Valitor. Hafa þau öll samþykkt að vera samstarfsaðilar ÍSí fram yfir Ólympíuleikana í Río árið 2016. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSí, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Heimasíða ÍSí

Slóðin á heimasíðu ÍSí er sem fyrr www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig á Fésbók, Twitter og Instagram.

Skráningarkerfi ÍSí og UMFÍ

Unnið er að gagngerum endurbótum á skráningarkerfi ÍSí og UMFÍ. Fyrsti hluti kerfisins verður tilbúinn til prófunar í byrjun árs 2016 og gert er ráð fyrir því að innleiðing hefjist í sumar eða byrjun hausts.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSí

ÍSí hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku. Efnið má nálgast á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að for-

vörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSí stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári og einnig í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurlaikana (RIG) og háskólana.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí í þjálfaramenntun hefur verið afar vinsælt undanfarin ár og er helsta form þjálfaramenntunar ÍSí þessi árin. Fjarnám á 1. 2. og 3. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. Mörg sársambönd ÍSí hafa verið að vinna og skipuleggja sinn þátt í þessum fræðum að undanfögnu og eru í auknum mæli farin að bjóða upp á nám í sérgreinaþætti þjálfaramenntunarinnar. Það er mjög jákvætt enda auknar kröfur gerðar af hálfu samfélagsins og þ.m. íþróttafélaga um menntun íþróttabjálfa.

Fyrirmyndarfélag ÍSí

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSí eru í dag ríflega hundrað. Þar sem mörg félaganna eru stór deildaskipt félög þá er um þriðjungur íþróttaiðkenda að iðka íþróttir innan fyrirmyndarfélaga. Sársambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Á Íþróttabingi árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSí fyrir fyrirmyndarstarf. Nú hefur ein umsókn borist ÍSí og vitað er af þó nokkrum íþróttahéruðum sem eru að vinna að umsókn.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2015 sendi ÍSí þátttakendur í fjögur ólympísk verkefni; Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Vorarlberg-Liechtenstein og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Tbilisi, fyrstu Evrópuleikana sem haldnir voru í Baku í Azerbaijan og á Smáþjóðaleikana sem að þessu sinni voru haldnir á Íslandi. Á árinu 2016 verða tvö ólympísk verkefni; Vetrarólympíuleikar ungmenna í Lillehammer í Noregi og Sumarólympíuleikar í Río de Janeiro í Brasilíu.



Sextánda Smáþjóðaleikarnir voru haldnir á Íslandi 1.-6. júní 2015. Leikarnir tókust afar vel og árangur Íslands á leikunum var frábær. Íslendingar fengu flest verðlaun á leikunum, alls 115 og þar af 38 gull. Sett voru mörg Íslandsmet og mótsmet. Frábærlega gekk að fá sjálfbóðaliða úr öllum landshlutum til verkefnisins og er þeirra hlutur í undirbúningi og framkvæmd leikanna ómetanlegur. Um 1.200 sjálfbóðaliðar störfuðu á leikunum, margir þeirra stóðu vaktina alla vikuna og sumir hverjir komu til starfa vel fyrir leika. Samstarfsaðilar ÍSí um Smáþjóðaleikana voru mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Íþróttabandalag Reykjavíkur og sérsambönd ÍSí. Gullsamstarfsaðilar leikanna voru Advania, Askja, Bílaleiga Akureyrar/Europecar, Blue Lagoon, Eimskip, Icelandair, Íslandsbanki, Vífell, Vodafone og ZO-ON. Auk þess voru nokkrir smærri styrktaraðilar um búnað og vörur.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim í júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. Að þessu sinni var Ólympíudeginum fagnað með viðburðum í tengslum við Smáþjóðaleikana á Íslandi í júní. Rúmlega 1.700 grunnskólabörn komu í Laugardalinn og stóð þeim til boða að horfa á keppni í sundi, borðtennis og skotíþróttum ásamt því að reyna sig í frjálsíþróttum, knattspyrnu, keilu, glímu og skyldingum. Einnig var boðið upp á fræðslu um Smáþjóðaleikana og Ólympíudaginn.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í áttunda sinn 4. - 24. febrúar 2015. Tæplega 21.000 þátttakendur voru í Lífshlaupinu. Hjólað í vinnuna fór fram í tólfta sinn 6. - 26. maí 2015. Þátttaka í Hjólað í vinnuna hefur aðeins dregist saman síðustu ár og voru þátttakendur 6.824 árið 2015. Verkefnið hefur engu að síður náð markmiðum sínum, þar sem verkefnið hefur hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.

Kvennahlaupið fór fram 13. júní 2015. Um 16.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 98 stöðum þ.e. 88 stöðum héraðs og á 10 stöðum erlendis.

Göngum í skólann fór fram 9. september – 7. október 2015. Ný heimasíða verkefnisins var opnuð. Þátttökuaukning varð í verkefninu en 76 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í

skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.

Hjólum í skólann 2015 fór fram 9.- 22. september 2015. Verkefnið er fyrir framhaldsskólanemendur.

European Week of Sport 2015 eða Íþróttavika Evrópu fór fram í fyrsta sinn og hafði ÍSí umsjón með verkefninu á Íslandi. Íþróttavikan er verkefni á vegum Evrópusambandsins. Verkefnið Göngum í skólann og Hjólum í skólann voru hluti af Íþróttavikunni. Markmið verkefnisins var að fá fólk til að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSí og flestra sérsambanda ÍSí, ásamt IBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er kaffitería og þar er einnig góð aðstaða til fundarhalds. ÍSí hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

Alls voru tekin 97 sýni á árinu 2015, þar af 61 sýni í keppni eða um 63%. Lyfjapróf voru tekin í 12 íþróttagreinum. Tvö sýni reyndust jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjæftirlitsnefnd 87 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSí, þar á meðal á þremur alþjóðlegum mótum að Smáþjóðaleikum meðtöldum. Lyfjæftirlitsnefnd ÍSí stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjæftirlit er að finna á lyfjæftirlitsvef ÍSí, www.lyfjæftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSí

Sambandsaðilar eru minntir á árleg skil starfsskýrslna 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSí vegna skila á starfsskýrslum.

Íþróttakonur og íþróttamenn ársins 2015

Þann 30. desember 2015 hélt ÍSí hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2015 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2015 lýst.

FRÁ FÉLÖGUM



Stál-úlfur



Aðalfundur Íþróttfélagsins Stál-úlfur var haldinn laugardaginn 28. mars 2015 í Grafarvogi. Stjórn félagsins skipa þeir, Algirdas Slapikas – formaður, Erikas Milleris – varaformaður, Vytas Lipskas – gjadkeri, Mindaugas Andrijauskas – ritari, Veselin Konstadinov Chilingirov, Sergej Diatlovic og Rui Pedro De Jesus Pereira.

Starfsemi Íþróttfélagsins Stál-úlfur er svolítið sérkennileg. Tilgangur félagsins er margbættur, m.a. að búa til vettvang fyrir íþróttáhugamenn af erlendum uppruna, hvetja til heilbrigðra lífshátta, efla sjálfsmynd og aðstoða innflytjendur að aðlagast íslensku samfélagi með því að stuðla að virkum og skemmtilegum samskiptum milli Íslendinga og innflytjenda í gegnum íþróttir. Þátttaka í íþróttastarfi rýfur bæði einangrun fólks af erlendum uppruna, eflir samkennd og vináttu. Á vegum félagsins eru bæði körfubolta- og fótboltalið í meistaraflokki karla. Keppnistímabilið 2015 starfaði Stál-úlfur sitt sjötta ár. Körfuboltalið „Stál-úlfs“ keppti í 2. deild karla í vor og endaði í 6. sæti A riðils, sem dugði ekki til komast áfram í úrslitakeppnina. Æfingar liðsins fóru fram í Kársnesskóla þrisvar í viku. Fótboltaliðið Stál-úlfs tók þátt í öllum mótunum sem KSÍ bauð upp á - Lengjubikarnum, 4. deild karla, Borgunarbikarnum og Íslandsmóti innanhús.

Í mars tóku Stál-úlfarnir þátt í Lengjubikarnum og lauk keppni í 4. sæti A riðilsins. Í maí hóf liðið keppnina í bikarkeppni KSÍ en féll út í fyrstu umferð á móti Ægi úr Þorlákshöfn 2:6. Lið Stál-úlfs keppti í C riðli 4. deildar í sumar og endaði í 5. sæti. Að lokum tók liðið þátt á Íslandsmóti innanhús og endaði í 1. sæti C riðilsins og komst í úrslitakeppnina. Stál-úlfarnir töpuðu fyrir Fylki 4:9 í átta liða úrslitum.

Æfingar liðsins fóru fram á útigervigrasvælinum við Kórinn og í Fagralundi þrisvar í viku. Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfbærliðastarfi.

Iðkendur

Fjöldi iðkenda er svipaður í körfuknattsleik og verið hefur, 40 iðkendur. Iðkendum í knattspyrnu hefur fjölgað örlítið og þeir eru samtals 66. Samtals eru 106 iðkendur. Aðrir félagsmenn eru 4 samtals.

Boginn



Það gleymdist að halda aðalfundur Bogfímifélagsins Bogans fyrir starfsárið 2015 en það verður haldinn aðalfundur fyrir starfsárið 2015 og 2016 n.k. 03.03.2016.

Þetta gerðist vegna þess að venjan er að halda aðalfund félagsins eftir innanfélagsmót félagsins til að fá sem flesta meðlimi til að mæta (það hefur samt ekki gengið vel að fólk hafi áhuga á nefndarstörfum félagsins) af óstjórnalegum or-

sökum féll innanfélagsmótið niður og það áttaði enginn að því að það gleymdist að halda fundinn fyrr en fyrir nokkrum vikum.

Stjórnina skipa:

Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður

Guðjón Einarsson, varaformaður

Margrét Einarssdóttir, meðstjórnandi

Astrid Daxböck

Enginn bauð sig fram til gjaldkera eða ritara, og skiptir stjórnin þeim störfum á milli sín.

319 meðlimir voru skráðir í meðlimaskrá Bogfímifélagsins Bogans á árinu 2015. Af þeim eru 122 meðlimir undir 18 ára.

Á árinu 2015 hélt Bogfímifélagið Boginn áfram að leggja mikla áherslu á barna og unglingastarfið. Félagið keypti m.a. búnað fyrir barna og unglinganámsskeiðin.

Fjórir meðlimir fóru á þjálfara námskeið í bogfimi (1.stig) sem var haldið á vegum Alþjóðlega Bogfímisambandsins (World Archery) í byrjun ársins.



Boginn styrkti einnig meðlimi í þjálfaramenntun (1. og 2. Stig) á vegum ÍSÍ.

Boginn tók nokkra Íslandsmeistartitla á árinu í mismunandi aldurs og kynja flokkum og fjölmargar medalir á mörgum mótum innanlands. Meðlimir Bogans tóku einnig þátt í mörgum mótum erlendis með styrk frá félaginu og náðu góðum árangri á þessum mótum, þeir náðu meðal annars þrisvar inn í top 10 í einstaklingslokkum á stórmótum á vegum alþjóðasambandsins (World Archery) erlendis.

Önnur markmið félagsins voru eftirfarandi, að styrkja kvennastarf innan íþróttarinnar, auka þátttöku og þekkingu á íþróttinni og halda áfram að vinna í því að koma upp útisvæði fyrir bogfimi.

Aðalmarkmið Bogfímifélagsins Bogans fyrir árið 2016 er að fá útisvæði fyrir meðlimi félagsins. Það er eins og er ekkert útisvæði fyrir bogfimi á höfuðborgarsvæðinu og því hefur verið erfitt að halda mót utandyra og enn erfiðara fyrir bestu meðlimina að æfa sig fyrir keppnir erlendis.

Að öðru leiti að halda áfram að byggja upp barna og unglingastarfið, bæta búnað, og reyna að auka fjölda virkra keppenda og fjölga þjálfurum.

Breiðablik



Aðalfundur félagsins fyrir árið 2014 fór fram þann 28. apríl 2015 og var hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins í Smáranum. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnarmenn og formenn deilda mynda aðalstjórn.

Á aðalfundi félagsins þann 28. apríl 2015 voru eftirfarandi kjörnir í aðalstjórn:

Hannes Strange, formaður, Björg Jónsdóttir, varaformaður, Steini Þorvaldsson, meðstjórnandi, Guðmundur Sigurbjergsson, gjaldkeri, Halla Garðarsdóttir, ritari, Stefán Ragnar



Jónsson, meðstjórnandi, Sveinn Gíslason, meðstjórnandi, Eiríkur Mörk Valsson, frjálsíþróttadeild, Eggert Baldvinsson, Körfuknattleiksdeild, Agnar Bjarki Helgason, karatedeild, Borghildur Sigurðardóttir, knattspyrnadeild, Davíð Björnsson, skíðadeild, Hlynur Örn Gissurarson, Taekwondodeild, Ragnar Viktor Hilmarsson, Sunddeild, Halldór Grétar Einarsson, skákdeild, Halldór Eyþórsson, kraftlyftingadeild.

Framkvæmdastjóri félagsins er Kristján Jónatansson.

Starfið hjá Breiðabliki var fjölbreytt og kröftugt. Félagið starfar í 9 deildum við góðar aðstæður en þó er farið að þrengja verulega að þeirri aðstöðu sem knattspyrnadeild hefur enda fjöldi iðkenda mjög mikill í þeirri deild. Það sama má segja um aðstöðu frjálsíþróttadeildar – þar vantar verulega upp á þannig að aðstaðan verði sem best.

Á aðalfundinum voru veittar ýmsar viðurkenningar fyrir árið 2014.

Félagsmálabikar:

Maria Fanndal Birkisdóttir.

Deilarbikar:

Knattspyrnadeild.

Þjálfarabikar:

Sigurður Sveinn Nikulásson þjálfari hjá skíðadeild,

Afreksbikar Breiðabliks:

Viktor Ben Gestsson kraftlyftingum.

Heiðursblikar:

Ólafur Björnsson, Sverrir Hauksson og Kristinn Jóhannesson.

Gullblik:

Orri Vignir Hlöðversson

Silfurblik:

Guðrún Kristjánsdóttir og Smári R. Þorvaldsson.

Á íþróttahátíð Kópavogs fyrir árið 2015 var íþróttakona Kópavogs valin Fanndís Friðriksdóttir knattspyrnakona og flokkur ársins meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu. Starf félagsins var mjög gott á árinu. Afreksfólki Breiðabliks gekk vel og margir sigrar unnust. Við getum verið afar stolt af því frábæra íþróttafólki sem iðkar íþróttir hjá Breiðabliki. Fjölbreyttileikinn er í fyrirrúmi hjá félaginu Breiðabliki og ættu allir að geta fundið sér íþrótt sem gaman er að stunda.

Frábær þjónusta er innt af hendi hvort sem það er af hendi þjálfara eða starfsmönnum íþróttamannvirkjana. En til að halda uppi svona fjölbreyttu og öflugu starfi þá þarf gríðarlega mikinn fjölda sjálfbóðaliða, bæði til stjórnarsetu í ýmsum deildum og einnig til ýmissa starfa við mótahaldi o.þ.h. Breiðablik býr að miklum mannauð er kemur að þessum málum og er gríðarlega þakklátt fyrir framlagið.

Breiðablik lítur björtum augum til framtíðar með allt þetta góða íþróttafólki, þjálfara, starfsmenn og sjálfbóðaliða innanborðs. Félagið vonast eftir og áframhaldandi góðu samstarfi við Kópavogsbæ sem staðið hefur vel við bakið á félaginu.



Glóð

Tíundi aðalfundur Glóðar var haldinn í Gjábakka 28. janúar 2015.

Í stjórn voru kosnir

Rósa Benonísdóttir varamenn

Hulda Sjöfn Ólafsdóttir

Jóhanna Axelsdóttir

Lára Helgadóttir

Varamenn:

Lovísa Jónsdóttir

Sóley Björgvinsdóttir

Formaður var sjálfkjörinn.

Um mitt starfsárið ákvað Rósa að láta af störfum. Hún hafði unnið tölvuverkefni o.m.fl. fyrir Glóð. Á haustdögum gekk Petrína Ragna Pétursdóttir til liðs við stjórnina og annaðist tölvumál Glóðar.

Fyrsti fundur stjórnar var haldinn 2. febrúar og þar skiptu stjórnarmenn með sér verkum. Alls voru fundir í stjórn 24.

Formaður Sigurbjörg Björgvinsdóttir

Varaformaður Lovísa Jónsdóttir

Gjaldkeri Jóhanna Axelsdóttir

Varagjaldkeri Rósa Benonísdóttir

Ritari Huld Sjöfn Ólafsdóttir

Vararitari Lára Helgadóttir

Meðstjórnandi Sóley Björgvinsdóttir

Lára var skipaður tengiliður íþróttanefndar, Sóley tengiliður s kemmti- og fjárfingarnefndar og Lovísa tengiliður fræðslunefndar. Fyrsta verkefni stjórnar var að boða til Stefnumörkunarfundar sem var síðan haldinn 21. febrúar. Á þeim fundi var samþykkt að leita eftir tilboðum í stefnumótunarvinnu fyrir félagið og fá kostnaðaráætlun. Leitað var til UMSK og þaðan fengum við góðar ábendingar og aðstoð. Haldnir voru 3 fundir og varð niðurstaðan að það væri skynsamlegt að vinna einskonar Átaksverkefni og um s.l. áramót var Ástríður Jónsdóttir ráðinn verkefnastjóri frá janúar til maíloka 2016. Ástríður hefur hafið störf. Hún hefur vinnuáðstöðu í Digranesi og eru félagarnir hvattir til að koma hugmyndum um aukna möguleika á hollri hreyfingu til hennar. Stjórn Glóðar ákvað að vera með skrifstofuna opna einu sinni í viku á s.l. vorönn. Þetta var gert vegna kvartana um að félagarnir fengu ekki nægar upplýsingar um starfsemi félagsins. Það er skemmst frá að segja að enginn mætti á vorönn og því var ákveðið að hætta. Fyrsta verkefni á árinu var glæsileg sýning félagsins á Öskudeginum í Austurbergi. Þar mætti Óli Geir með glæsilegan hóp dansara.

Í apríl tók svo félagið þátt í línudansmóti á Akranesi og kom heim með 11 verðlaun - glæsilegan bikar. Í byrjun maí bauð Félagið upp á Útihreyfingu og var gengið í allt sumar einu sinni í viku allt þar til æfingar hófust í byrjun september. Það var Margrét Jónsdóttir íþróttarfræðingur sem kom verkefninu

af stað en Sigríður Bjarnadóttir sá um gönguna þegar Margrét varð að hætta.

Í maí var Glóð boðið að taka þátt í Þríkó þar sem 5 lið frá Glóð tóku þátt alls 15 einstaklingar. Keppt var í göngu, sundi og hjóleiðum. Þar stóð Haukur Bergsteinsson í stafni fyrir félagið. Í júní fóru nokkrir vaskir félagar á landsmót 50+ sem haldið var á Blönduósi og komu heim hlaðnir viðurkenningum. Glóð greiddi mótsgjaldið fyrir sína félagar. Vetrarstarfsemin hófst svo í byrjun september með kynnin gum í félagsheimilunum og auglýsingum í bæjarblöðunum. Dansæfingar byrjuðu svo 1. september. Reynt var að bjóða upp á Salsa dansa og jóga en hvorugt gekk upp vegna lélegrar þátttöku. Leiðbeinandi var Andreea Félagið hélt sinni aðstöðu í Kópavogskóla og Smáranum. Þar og í Gullsmára æfðu 14 hópar. Ekki var hægt að vera með Ta chi á haustönn vegna lélegrar þátttöku. Það hafa verið tvö fræðslukvöld á vegum Glóðar. Þau hefðu mátt vera fjölmennari. Skemmti- og fjáröflunarnefnd hefur haldið skemmtanir á starfsárinu. Stjórn Glóðar samþykkti að ágóði af þeim skemmtunum sem haldnar voru á haustönn rynni í ferðasjóð Glóðar sem gjaldkeri hefur umsjón með. Ferðasjóðurinn er hugsaður vegna fyrirhugðrar ferðar Glóðar-félaga á Golden Age í Slóveníu í okt. á næsta ári.

Nú haf 32 félagar staðfest þátttöku í ferðina. Óli Geir og Rósa sjá um skráninguna.

Ringómót var í Smáranum mánud. 16. nóv. kl. 13.30 og sendu 4 aðildarfélög keppendur á mótið þar sem Íþróttarnefnd Glóðar var í gestgjafahlutverki. Glóð lenti í fyrsta og 3ja sæti. Glóð bauð upp á veitingar sem formaður Glóðar og formaður íþróttarnefndar sáu um. Laganefnd Glóðar hefur unnið að breytingum á lögum félagsins og verða þær breytingar lagðar hér fyrir fundinn. Þá hefur uppstillingarnefnd Glóðar unnið mikið og gott starf. Breyting varð á síðasta ári á aðstöðu í íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar að nú þarf Glóð, eins og önnur félög, að greiða fyrir þá tíma sem félagið hefur í húsunum. Félagið fær svo endurgreitt frá bænum þann kostnað sem verður miðaður við þá tíma sem félagið hefur fengið úthlutað. Því er mjög mikilvægt að félagið nýti alla þá tíma sem það er skráð fyrir. Þetta er gert til að fylgjast með nýtingu á íþróttamannvirkjum Bæjarins.

Formaður vill að lokum þakka öllum sem unnið hafa fyrir Glóð á einn eða annan hátt fyrir vel unnin störf. Enda þótt margt hafi gerst eru margir möguleikar í boði.

Félagið auglýsir starfseminu á heimasíðu félagsins, sem er nýyfirfarin, Facebook síðu Glóðar í félagsstarfinu í MBL og oftast eru einstakir atburðir auglýstir á upplýsingatöflum í félagsheimilunum Boðanum, Gullsmára og Gjábakka Kópavogi. 20. janúar 2016 Sigurbjörg Björgvinsdóttir, formaður.

Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið innan Dansíþróttasambands Íslands. Þann 1. janúar 2009 fékk Dansfélagið aðstöðu í Vallarkór 14, glæsilega 400 fermetra aðstöðu ásamt 30 fermetra skrifstofu aðstöðu.

Starfið sem hefur gengið vonum fram á árinu 2015 en félagið er búið að starfa í 20 ár á árinu og stefnt er að því að halda veglega afmælisveislu 2016.

Áfram hefur verið haldið á þeirri braut að að fjölga iðkendum og gera aðstöuna enn betri. Þá setti félagið 2014 reglur um notkun á farsímum og tölvum á æfingum sem hafa reynst vel og hafa fleiri nýtt sér þær reglur. Stefnt er að því að taka upp síðareglur fyrir félagið á árinu 2016

í október s.l. þegar þrjú dansfélög í samvinnu við UMSK tóku þá ákvörðun að halda opið UMSK dansmót í Kópavogi í



annað sinn. Mótið tókst með miklum sóma fyrir alla sem komu að því og heppnaðist mjög vel og fór fram úr okkar björtustu vonum m.a. komu þör erlendis frá sem vöktu mikla athygli. Það er mikil vinna og hefði ekki tekist nema með hjálp sjálfboðaliða og eru öllum sem komu að því færðar bestu þakkir fyrir hjálpinu.

Þá á dansfélagið einn fulltrúa í stjórn Dansíþróttasambands Íslands og einn fulltrúa í mótanefnd Dansíþróttasambands Íslands.

Þá á dansfélagið 2 þör í landaliði Íslands í samkvæmisdönsum en þau eru Daði og Marta og Hreiðar og Katrín og eru þau fyrirmyndir annarra para hjá félaginu og hafa staðið sig með miklum sóma.

Stjórn félagsins skipa:

Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður, Aldís Gunnarsdóttir, Örvar Möller, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Tinna Karen. Gestabjálfarar hafa komið reglulega til okkar á árinu þeirra þekktust er Manulea Faller en hún er meðal annars í landsliðsbjálfarateymi Þýska danssambandsins.

Aðalbjálfari er Hildur Ýr Arnarsdóttir.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar



Almennt gekk starf klúbbsins vel á árinu. Móta-hald var með sambærilegu sniði og undanfarin ár, en tekið var upp á nokkrum nýjungum á árinu í innanfélagsmótum. Má þar nefna Víking deildina, liðakeppni sem heppnaðist afar vel, breytt fyrirkomulag á holukeppni klúbbsins sem í þetta skiptið bar nafnið Titleist holukeppnin og var meðþáttaka í mótinu en eftirtektarverð var aukin þátttaka kvenna í holukeppninni.

Tekið var upp á þeirri nýjung að halda uppskeruhátíð í lok tímabils. Á uppskeruhátíðinni voru afhent helstu verðlaun fyrir afrek í starfi félagsins svo sem framfarabikar, kyllingar ársins, afrek ársins, félagsmaður ársins og fleira eftirminnilegt úr starfi klúbbsins. Kvenkyllingur ársins var Heiðar Guðnadóttir fyrir frammistöðu sína á árinu og Kristján Þór Einarsson sem bæði náðu framúrskarandi árangri á árinu. Afrek ársins var veitt karlasveit GM fyrir sigur í sveitakeppni GSÍ. Framfarabikarinn hlaut Ronnarong Wongmahadtha en hann náði þeim fágæta árangri að lækka forgjöf sína úr 36 í 15.

Fyrsta meistaramót GM var haldið á Hlíðavelli á árinu og þótti takast vel til. Einstaklega létt og skemmtilegt andrúmsloft einkenndi mótið. Völlurinn skartaði sínu fegursta og voru veðurguðirnir okkur nokkuð hliðhollir að þessu sinni. Klúbbmeistarar í meistaraflökum voru þau Nína Björk Geirsdóttir í kvennaflokki og Davíð Már Vilhjálmsson í karlaflokki. Þau léku frábært golf en Nína setti í mótinu vallarmet á vellinum, 69 högg af bláum teigum. Óskum við þeim innilega til hamingju með titilinn.

Afreksstarf

Afreksstarf GM var blómlegt á árinu, og keppnisárangur afar góður. Í upphafi árs fjárfesti afreksstarfið í Trackman golfhermi sem nýtt var til golfkennslu sem og seldur út til kylfinga til fjármögnunar. Ekki er ólíklegt að slík aðstaða hafi góð áhrif á okkar afreksfólk til framtíðar en það er von okkar að slík aðstaða verði í boði fyrir félagsmenn í nýrri íþróttamiðstöð.

Frábær árangur okkar afreksfólks er fíundaður í ársritinu en hæst ber að nefna Íslandsmeistaratitill Heiðu Guðnadóttur í holukeppni sem og Íslandsmeistaratitill GM í efstu deild sveitakeppni GSÍ. En ung sveit GM stóð uppi sem sigurvegari í efstu deild sveitakeppni GSÍ og tók svo nú í haust þátt í Evrópumóti Golfklúbba. Kristján Þór Einarsson stóð uppi sem sigurvegari á Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru hér á landi í sumar, en hann sigraði einnig á Síamóti Eimskipsmótaraðarinnar sem haldin var hér á Hlíðarvelli. Sveinn Andri Sigurpálsson sigraði Áskorendamótaröð Íslandsbanka en einnig náðu þeir Kristófer Karl Karlsson, Andri Már Guðmundsson, Ragnar Már Ríkharðsson og Björn Óskar Guðjónsson verðlaunasætum í sínum flokkum á mótariðum sumarsins. Í flokki öldunga var Viktor Sturlaugsson Íslandsmeistari í flokki 70 + og Ásbjörn Björgvinsson Íslandsmeistari 55+ með forgjöf. Það má því með sannri segja að framtíðin sé björt í GM.

Í stjórn GM árið 2015-2016 eru eftirfarandi aðilar: Guðjón Karl Þórisson formaður, Kristinn Wium varaformaður, Vala Valtýsdóttir gjaldkeri, Þórarinn Egill Þórarinnsson ritari, Margrét Óskarsdóttir meðstjórnandi, Davíð Gunnlaugsson meðstjórnandi, Eyþór Ágúst Kristjánsson meðstjórnandi.



Byrjunarlið Kríu í fyrsta keppnisleik félagsins sumarið 2014. Efri röð frá vinstri Sigurður Guðmundsson, Ásgeir Hallgrímsson, Hafsteinn Bjarnason, Brynjólfur Bjarnason, Valtýr Bjarnason og Magnús Örn Helgason. Neðri röð frá vinstri Garðar Guðnason (c), Grétar Ali Khan, Kristinn Ólafsson, Ingólfur Þráinsson og Sigurður Kristinn Ingimarsson.

Knattspyrnufélagið Kríu



Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Kríu fór fram í Vallarhúsi Vivaldivallarins á Seltjarnarnesi mánudaginn 8. febrúar 2016.

Í aðalstjórn voru endurkjörnir: Gunnar Þorbergur Gylfason formaður, Orri Axelsson varaformaður og Atli Freyr Sveinsson gjaldkeri.

Félagið var stofnað árið 2014 og hefur frá stofnun sent inn lið til þátttöku í Íslandsmóti Karla í knattspyrnu og Bikarkeppni KSÍ með ágætis árangri. Kríu er í nánú samstarfi við íþróttafélagið Gróttu og samanstendur leikmannahópur Kríu að leikmönnum sem fóru í gegnum yngri flokka starf Gróttu. Á síðasta keppnistímabili sendu liðin inn sameiginlegt lið til leiks í 2. flokki karla knattspyrnu. Þannig fengu fimm ungir og efnilegir knattspyrnumenn að stíga sín fyrstu skref með meistaraflakki í leik með Kríu. Flestir þeirra munu spila lykilhlutverki með Gróttu á komandi keppnistímabili. Keppnistímabilið 2015 var Pétur Már Harðarson þjálfari Kríu og aðstoðarþjálfari Garðar Guðnason. Var mikil ánægja

með störf þeirra og því ákveðið á nýloknum aðalfundi félagsins að halda áfram samstarfi við þá fyrir komandi keppnistímabil.

Kríu lauk leik keppnistímabilið 2015 í 3. sæti D-riðils 4. deildar Íslandsmótsins og féll úr bikarkeppni KSÍ í annarri umferð.

Þríhjól

Aðalfundur Þríhjóls fór fram þann 18. febrúar 2015 í Smáranum í Kópavogi. Í stjórn voru kjörin: Einar Stefán Kristinsson formaður, Bertel Ingi Arnfinnsson og Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé meðstjórnendur, Árni Einarsson og Viðar Bragi Þorsteinsson varamenn.

Nafni félagsins var á árinu breytt úr Þríkó hjól í Þríhjól. Þríhjól var stofnað á árinu 2014 og var í kjölfarið send inn umsókn að UMSK. Í júní 2015 var umsóknin samþykkt og á haustmánuðum voru lög félagsins samþykkt af laganefnd ÍSÍ og Þríhjól því orðið að hjóltreifafélagi innan ÍSÍ. Þríhjól á í góðu samstarfi við Þríkó, Þríprautarfélag Kópavogs, og stendur fyrir hjóltreifaæfingum í samstarfi við Þríkó. Æfingar eru frá sundlaug Kópavogs þrisvar í viku.

Félagið hélt eina keppni á árinu, liðatímakeppni í júní á Krýsuvíkurveginum. Rætt var um að halda svokallaða criteirum keppni fyrir ungmenni en ekki varð af því á árinu.

Fyrir hönd stjórnar Þríhjóls,
Bertel Ingi Arnfinnsson



Íþróttastarf GKG

Markmið barna- og unglingastarfs GKG er að halda utan um og efla barna- og unglingastarf klúbbsins. Í samræmi við það eru meginmarkmið þessi:

- Að veita ungum kylfingum í GKG, afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmra eru á veg komnir, aðbúnað og atléti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.
- Að styðja eftir föngum við bakið á íþróttastjóra og þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- Að efla samstöðu ungu kylfinganna og félagsanda.
- Að efla samstöðu foreldra ungu kylfinganna og fá fleiri til þátttöku í því að búa þeim gott atléti við ástundun íþróttarinnar.
- Að leita ráða til þess að fjölga stúlkum sem leika golf.
- Að tryggja öflugt upplýsingaflæði til foreldra og barna í því skyni að auka þátttöku þeirra enn.
- Að fjölga keppendum frá GKG á unglingamótum GSÍ og unglingamótaröð GKG.

Þjálfarar og leiðbeinendur

Á vetraræfingum störfuðu aðalþjálfarar okkar, þeir Derrick

Moore og Haukur Már Ólafsson, og íþróttastjóri, allir PGA menntaðir.

Á sumaræfingum voru þrír aðstoðarleiðbeinendur úr hópi afrekskyflinga. Á vikulegum golfleikjánaðmskeiðum GKG, sem opin eru öllum börnum 5–12 ára, störfuðu alls 16 afrekskyflingar úr röðum félagsins, en Hulda Birna Baldursdóttir var verkstjóri á námskeiðunum. Boðið var upp á frí SNAG námskeið sl. vetur í Kórnum sem María Guðnadóttir hafði yfirumsjón með. Fjöldi þjálfara og leiðbeinenda á árinu var alls 24.

Barna- og unglingastarf

GKG státar af langfjölmennasta barna- og unglingastarfi golfklúbba landsins. Því yrði ekki haldið úti án þess að hafa breiðan hóp samviskusamra og góðra leiðbeinenda. Hæfir þjálfarar og leiðbeinendur, öflugt foreldrastarf, stuðningur stjórnar og félagsmanna, allt skiptir þetta miklu máli til að halda úti sterku barna- og unglingastarfi. Fyrir það ber að þakka sérstaklega.



Ísbjörninn



Aðalfundur Ísbjarnarins var haldinn á laugardegi 30. janúar 2016. Á honum voru rædd hefðbunin mál,

ásamt því að kjósa í stjórn. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins en liðið réð til sín

nýjan þjálfra fyrir komandi tímabil, og heitir hann Bogi Sigurbjörn Kristjánsson.

Félagið heldur upp á 8 ára starfsafmæli þann 16. mars næst komandi og verða haldin veislu höld á samkomustað í miðbæ Reykjavíkur þar sem öllum félagsmönnum, stuðningsmönnum og fjölskyldum félagsmanna verður boðið í.

Árshátíð félagsins var haldin laugardaginn 3. október á samkomustað í Kópavogi. Verðlaun voru veitt fyrirgóða frammi-stöðu svo fátt eitt sé nefnt en félagsmenn kusu vinningshafa. Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á síðasta ári; Valitor-bikarinn 2015, Lengjubikarinn og Íslandsmót í knattspyrnu, 4. deild karla.

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic

Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson

Fjölmiðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson

Þjálfari: Bogi Sigurbjörn Kristjánsson

Kveðja,

Knattspyrnufélagið Ísbjörninn



Handknattleiksfélag Kópavogs

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2014 var haldinn 30 apríl 2015 í Fagralundi. Hefðbundin aðalfundar-störf. Tveir aðalmenn voru kjörnir í aðalstjórn til tveggja ára Magnús Gíslason og Hólmfríður Kristjánsdóttir. Ragnheiður Kolviðsdóttir og Unnar Hermannsson voru kjörin varamenn til eins árs. Ný lög félagsins voru samþykkt.

Eftirfarandi skipa því Aðalstjórn félagsins:

Sigurjón Sigurðsson, formaður

Magnús Gíslason, varaformaður

Einar Tómasson, gjaldkeri

Kristinn Gunnarsson, ritari

Hólmfríður Kristjánsdóttir, fulltrúi félaga og stjórna

Ragnheiður Kolviðsdóttir, varamaður

Unnar Hermannsson, varamaður

Eftirfarandi eru formenn deilda:

Alexander Arnarson, handknattleiksdeild.

Valdís Arnarsdóttir, barna- unglingaráð handknattleik.

Baldur Már Bragason, knattspyrnudeild.

Valgerður María Gunnarsdóttir, barna- unglingaráð knattspyrnu.

Eyrún Harpa Hlynisdóttir, blakdeild.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, barna- og unglingaráð blak

Magnús Bollason, borðtennisdeild.

Ólafur Már Hreinsson, dansdeild.

Áslaug Guðmundsdóttir, taekwondo deild.

Atli Þór Hannesson, bandýdeild.

Vetrarhátíð félagsins sem haldin var í Kórnum í janúar og þrettándafagnaður var haldinn að venju í Fagralundi eftir blysför var glæsileg flugeldasýning í umsjón Hjálpasveitar Skáta í Kópavogi.

Í fyrsta skipti voru bæði kyn kjörin Íþróttamaður og Íþróttakona HK og hlutu þau Elísabet Einarsdóttir og Lúðvík Már Matthíasson titla.

Elísabet mikil Íþróttakona sem gerir miklar kröfur til sjálfrar sín. Hún er þrátt fyrir ungan aldur orðin besta strandblakskona og inniblakskona landsins sem er sannarlega frábær árangur hjá 16 ára gamalli stúlku. Elísabet stundar báðar blakgreinarnar af mikilli samviskusemi og setur sér háleit markmið. Hún er þrúðmennskan uppmáluð og ber með sér góðan þokka sannrar Íþróttakonu. Fyrirmynd innan sem utan vallar. Elísabet er félagslynd og tekur virkan þátt í starfi blakdeildar HK.

Lúðvík er 18 ára gamall en hefur þrútt fyrir ungan aldur náð langt í íþrótt sinni. Á árinu 2014 vann HK alla stóru titlana þrjá sem í boði voru í blakinu eða deildar-, Íslands og bikar-meistarar. Þetta var í þriðja sinn í röð sem félagið varð Íslandsmeistari. Það vekur eftirtekt innan félags og utan að einstaklingur svo ungur að árum stýri liði sínu jafn vel og Lúðvík gerir.

Meistaraflokkur karla í blaki unnu Íslands-, Deildarmeistaratitli þriðja árið í röð. Meistaraflokkur kvenna urðu Íslandsmeistarar 2015. Fleiri Íslandsmeistaratitlar greina og flokka féllu félaginu í té. Kollfinna Bjarnadóttir borðtenniskona 2014 sigraði í borðtenniskeppni Reykja-vík-ur-leik-anna 2015. Dansíþróttasamand Íslands valdi Nikita Basev og Hanna Rúnu Basev Óladóttir danspar ársins 2015. ÍSÍ veitti þeim viðurkenningu í árslok.

Áfram heldur fjölgun iðkenda félagsins í öllum boltagreinum.



Gróttu

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gróttu fór fram 12. mars 2015 í hátíðarsal Gróttu. Rekstrarniðurstöður ársins voru viðunandi. Haraldur Eyvinds Þrastarson lét af embætti formanns aðalstjórnar og Elín Smáradóttir tók við. Guðjón Norðfjörð og Hafdís Guðmundsdóttir fóru úr aðalstjórn og Sigrún Hallgrímsdóttir og Arnar Rafn Birgisson komu í þeirra stað. Auk þeirra eru Hreinn Októ Hreinsson og Ragnar Rafnsson í aðalstjórn ásamt formönnum allra deilda félagsins.

Á árinu 2015 náðist framúrskarandi árangur á ýmsum sviðum hjá Íþróttafélaginu Gróttu. Fanney Hauksdóttir náði þeim frábæra árangri að verða heimsmeistari unglínga og evrópu-meistari í flokki fullorðinna. Hún var auk þess í fimmta sæti í kjöri íþróttafélaganna á Íþróttamanni ársins. Fleiri kraftlyftingamenn unnu til verðlauna á mótum hér innanlands sem erlendis á árinu og mikil gróska hjá deildinni. Meistaraflokkur kvenna í handbolta urðu Íslands-, bikar og deildarmeistarar á árinu auk þess sem liðið varð meistari meistaranna á haustmánuðum. Þetta eru fyrstu stóru titlar sem félagið vinnur í hóp-íþrótt frá upphafi. Karlalið félagsins í handbolta fór í gegnum 1. deildina án þess að tapa leik og leikur því í 1. efnu deild. Yngri flokkar handboltans eru á góðum stað, öflugt starf unnið og árangur góður innan vallar sem utan. Meistaraflokkur karla í fótbolta féll úr 1. deildinni og leikur því í 2. deild sumarið 2016. Stefnt er að því að uppistaðan í liðinu sem teft verður fram í sumar verði heimamenn. Mikil gróska og kraftur er í yngri flokka starfi knattspyrnudeildar og spennandi tímar framundan. Knattspyrnudeildin setti á lagginnar meistaraflokk kvenna sem leikur í 1. deildinni í sumar. Starf fimleikadeildar, sem er stærsta deild félagsins, hefur gengið vel. Nanna Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari unglínga í frjálsum æfingum annað árið í röð og vann bronsverðlaun á Norðurlandamóti

á stökki og gólfi. Stjórn fimleikadeildar ásamt aðalstjórn leggur hart að bæjaryfirvöldum að betrubæta aðstöðu til fimleika hjá félaginu enda aðstaðan löngu sprungin.

Meistaraflokkur kvenna í handbolta varð fyrir valinu sem íþróttamaður Gróttu árið 2015 en kjörið fór fram í lok árs. Íþróttamaður æskunnar var valinn úr hópi ungra og efnilegra íþróttamanna félagsins og var það handboltakonan Lovísa Thompson sem fékk þá viðurkenningu. Við sama tækifæri var því fólki, sem unnið hefur mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins verðlaunað.



Hnefaleikafélag Kópavogs

Hnefaleikafélag Kópavogs hefur á árinu náð góðri festu í bæjarfélaginu og á landinu öllu þar sem félagið er nú orðið leiðandi afl í framþróun hnefaleika á Íslandi og eigum við fulltrúa í helstu nefndum sem kemur að hnefaleikum á Íslandi. Síðustu ár hafa farið sérstaklega í uppbyggingu á barna- og unglíngastarfi félagsins sem á fjölmarga þátteknendur á diplómamótum sem haldin eru mánaðarlega.

Félagið hefur mótað siðareglur og fengið Hauk Haraldsson sálfræðing frá barnavernd Hafnafjarðar til að fræða þjálfara og starfsmenn sem koma að starfi félagsins. Tveir þjálfarar öðluðust alþjóðleg þjálfararéttindi frá Alþjóðaráði í hnefaleikum (AIBA).

Nú á nýju ári telja iðkendur á annað hundrað og hefur félagið tekið þátt á öllum mótum innanlands með mjög góðum árangri.

Hnefaleikafélag Kópavogs hélt tvö mót á árinu sem heppnuðust mjög vel. Á hvoru móti voru 10-15 viðureignir og voru þau vel sótt af áhorfendum. Þá átti félagið átti fjóra fulltrúa á einu stærsta hnefaleikamóti Norðurlanda á árinu ACBC enn þar tóku þátt 440 keppendur víðsvegar úr heiminum og stóðu okkar fulltrúar sig með þrýði.

Félagið hefur unnið hörðum höndum með hjálp góðra velunnenda að bæta íþróttaaðstöðuna og er hún orðin með þeim fremri í Evrópu. Ný heimasíða er væntanleg á næstu miss-erum. Félagið ætlar áfram að vera leiðandi afl í uppbyggingu hnefaleika á Íslandi.

Fyrir hönd Hnefaleikafélag Kópavogs,

Formaður, Karen Ósk N. Björnsdóttir
Varaformaður, Hjörleifur Halldórsson
Gjaldkeri, Rúnar Svavarsson
Ritari, Drífa Hrund Guðmundsdóttir



Hörður

Aðalfundur félagsins var haldinn 4.nóvember 2015. Í stjórn sitja: Jóna Dís Bragadóttir formaður, Ragnhildur Traustadóttir gjaldkeri, Oddrún Yr Sigurðardóttir ritari, Alexander Hrafnkelsson,

Haukur Níelsson, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Haraldsson, Gunnar Örn Steingrímsson, Gylfi Þór Þorsteinsson. Auk aðalstjórnar eru 15 nefndir starfræktar í félaginu, þar sem mjög blómlegt starf fer fram. Árið 2014 hófst kennsla á hestabraut í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og er Hörður þátttakandi í því verkefni m.a. leigjum við þeim reiðhöllina undir verklega kennslu.

Jafnframt er kennsla í Reiðmanninum í Herði, en það er 3ja árið sem sú kennsla fer fram, en þetta er nám sem stjórnad er frá Háskólanum á Hvanneyri.

Stjórnin hefur búið til siðareglur fyrir félagið og komu nokkrir aðilar að þeirri vinnu, jafnframt hefur verið stofnuð siðanefnd. Búin var til jafnréttsáætlun fyrir félagið. Auglýst var eftir reiðkennurum fyrir félagið eins og sl. ár og sóttu margir vel menntaðir reiðkennarar um. Reiðkennarasamningar hafa verið gerðir

við reiðkennara félagsins og er það mikil framför. Í Herði er rekið öflugt barna- og

unglingastarf og ráðinn var yfirreiðkennari og er það Sonja Noack, sér hún bæði um æskulýðinn og fullorðna. Æskulýðsnefndin stendur fyrir mörgum og

fjölbreyttum reiðnámskeiðum, ásamt hópeflisnámskeiðum, fjölskyldureiðtúrum,

páskaratleik og fl. Fræðslunefnd fatlaðra hefur vaxið og dafnað eins og undan farin ár og fengum við viðurkenningar á síðasta ári fyrir vel unnin störf. Starfsemin hefur vakið athygli langt út fyrir Harðarsvæðið og eru börn keyrð m.a.

frá Suðurnesjunum og Selfossi til að koma á reiðnámskeið. Áframhald er á samstarfi við MS félagið, en MS sjúklingar koma og fara á hestbak og er mikil ánægja með það samstarf. Jafnframt er samstarf við FMOS og grunnskólana í Mosfellsbæ, en nemendur koma og aðstoða á námskeiðum og fá einingur fyrir.

Berglind Árnadóttir sér um alla kennslu en einnig eru margir sem aðstoða í sjálfböðavinnu. Skemmtinefndin kvenna stóð fyrir reiðtúrum

tvisvar sinnum í mánuði, nefndin hefur staðið fyrir þessum reiðtúrum í nokkur ár og hafa þeir mælst vel fyrir. Kvennadeildin hefur séð um veitingar á hinum ýmsu uppákomum sem eru í Herði s.s. þegar Fáksmenn koma, Kirkjureið

og fl. Mörg og fjölbreytt mót voru haldin í Herði, m.a. þrjú vetrarmót, grímutölt, grímuleikar og fl. Sem öll voru inni í reiðhöllinni. Firmakeppni Harðar var haldin

að venju á sumardaginn fyrsta. Haldið var fjölmennt VR íþróttamót

sem stóð í 3 daga í maí. Gæðingamót var haldið í byrjun júní, Harðarfélagar fóru ríðandi til Reykjavíkur og tóku Fáksmenn vel á móti okkur. Einnig komu Fáksmenn til okkar og gátum við endurgoldið gestrisnina. Náttúrureið var ríðin upp á Kjalarnes, en þar var grillað og fólk skemmti sér við gítarspil og söng. Formannsfrúarkarlareið var farin frá Kjósinni þetta árið vegna snjóá og tókst vel, en ríðið var frá Kjósarétt í Mosfellsbæ og voru 40 karlar sem fóru í ferðina og konurnar sáu um veitingar. Félag 8villtra í Herði afhenti á árhátíðinni 1.000.000

sem þeir höfðu safnað og rann sú upphæð í stækkunarsjóð Harðarbóls. Byggingin er tilbúin og var vígð á árhátíð félagsins í mars. Öll vinna fer fram í sjálfböðavinnu. Nú erum við að safna fyrir borðbúnaði, stólum, borðum og hljóðkerfi í Harðarból. Hestaiþróttamaður Harðar árið 2015 er Reynir Örn

Pálmason en þetta er í áttunda sinn sem hann er útnefndur og er hans keppnisárangur sérstaklega farsæll. Hann varð heimsmeistari í samanlögðum fimmgangsgreinum á HM í Herning sumarið 2015. Hann var jafnframt valinn Íþróttamaður Mosfellsbæjar árið 2015.



Lilja Lind og Árni Björn, landsliðsþjálfari, á heimsmeistarumóti unglinga í Wroclaw, Pólandi.

Lyftingafélag Garðabæjar

Lyftingafélag Garðabæjar (LFG) var stofnað 25. mars árið 2013 og er því mjög ungt félag. Í stjórn félagsins eru Árni Björn Kristjánsson, formaður, Unnar Helgason, meðstjórnandi, Hildur Grétarsdóttir, gjaldkeri, Andri Gunnarsson, ritari og Jónas Stefánsson, varaformaður. Markmið LFG er að stuðla að uppbyggingu ólympískra lyftinga í Garðabæ og nágrenni.

LFG hefur verið í nánú samstarfi við CrossFit XY, Miðhrauni 2 í Garðabæ. Þar hafa iðkenndur LFG aðstoðu til að æfa ólympískar lyftingar.

Árið 2015 var viðburðarríkt ár hjá LFG en þar ber helst að nefna árangur Andra Gunnarssonar og Lilju Lindar Helgadóttur. Andri varð íslandsmeistari í +105kg flokki ásamt því að vera stigahæsti lyftingamaður Íslands í lok ársins og var valinn lyftingamaður ársins 2015. Lilja Lind Helgadóttir varð sömuleiðis íslandsmeistari í -75kg flokki ásamt því að verða norðurlandameistari unglinga í -69kg flokki og keppa

á heimsmeistaramóti unglinga í Pólandi. Lilja Lind var kjörin efnilegasta lyftingakona ársins 2015 af Lyftingasambandi Íslands, annað árið í röð.

Þess má líka geta að formaður LFG, Árni Björn Kristjánsson, varð Íslandsmeistari í -105kg flokki árið 2015 ásamt því að sinna stöðu landsliðsþjálfara í ólympískum lyftingum.

Lyftingafélag Garðabæjar er með í kringum 90 meðlimi og það er mikið framundan hjá félaginu. LFG mun meðal annars halda Íslandsmeistaramótið í ólympískum lyftingum í febrúar 2016 í Miðhrauni í Garðabæ.



Golfklúbburinn Oddur

Stjórn GO 2014-2015

Ingi Þór Hermannsson, formaður

Guðmundína Ragnarsdóttir, varaformaður

Einar Geir Jónsson, gjaldkeri.

Ágústa Arna Grétarsdóttir, ritari

Svavar Geir Svavarsson, meðstjórnandi

Þorvaldur Jónsson, varamaður

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds fór fram 8. desember 2015.

Frábæru starfsári okkar í Oddi er nú til enda runnið. Á þeim 15 árum sem sá sem þetta ritar hefur verið félagi í klúbbum get ég fullyrt að aldrei fyrr hafi vellirir okkar verið eins góðir og nú og starf okkar í jafnmiklum blóma. Viðbrögð félagsmanna sem og gesta hafa líka verið á einn veg. Mikil og almenn ánægja var með þjónustu úti á velli og í klúbbhúsi auk þess sem fengum mikið hrós fyrir snyrtimennsku og umgjörð alla.

Það er því við hæfi að hefja ársskýrsluna á því að færa starfsfólki klúbbsins þakkar stjórnar Odds fyrir dugnað, metnað og ósérhlífni við að gera upplifun okkar félagsmanna og gesta í sumar jafn ríkulega og raun ber vitni.

Veðrið var líka með okkur í liði þetta sumarið þó það hafi farið rólega af stað. Hiti var hærri en í meðalári, sólskinsstundir fleiri og úrkoma minni, í það minnsta út ágúst. Völlurinn var opinn inn á sumarflatir frá 16. maí – 22. október, ekki ólíkt því sem hefur verið á undanförunum fimm árum.

Félagsmenn

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1202 og fjölgaði félögum um 62 frá fyrra ári. Af þeim eru 1.097 með fulla félagsaðild en 105 félagar eru með ljúflingsaðild.

Bókaðir hringir félagsmanna á Urriðavelli voru 23.506. Til samanburðar voru 22.718 hringir bókaðir í fyrra og því er nokkur aukning á milli ára.

Konur í golfklúbbum Oddi eru nú 488 talsins eða 41% félagsmanna. Sem fyrr er Oddur með hæsta hlutfall kvenna í sínum röðum í samanburði við aðra golfklúbba. Stjórn klúbbs-

ins er stolt af þessari þróun og ber þróttmiklu kvennastarfi góðan vott.

Félagsstarf

Maður er manns gaman segir máltækið. Segja má að áherslur stjórnar á liðnu starfsári hafi verið umfram annað að efla félagsanda og samveru félaga. Í þessu sambandi var lögð mikil áhersla að miðla upplýsingum um starfsemi klúbbsins til félagsmanna. Ný heimasíða var tekin í nokun á árinu og rafræn fréttabréf voru send út vikulega eða oftar yfir golf-tímabilið um viðburði eða fréttir af starfinu okkar. Við erum ánægð með útbreiðsluna og lestur því 90% félagsmanna fá fréttabréfið með tölvupósti og lestur bréfsins er um 45% að jafnaði. Auk þess birtast fréttirnar á fésbókarsíðu klúbbsins. Haldnir voru fræðslufundir og reglunámskeið eins og undanfarin ár en af nýjungum í félagsstarfi má nefna jólahlaðborð og vinkynningu.

Kvennastarf var í miklum blóma í sumar sem fyrr og eldri karlar eru að móta með sér samveru innan sem utan golfvallar.

Meistaramót klúbbsins var haldið í fyrri hluta júlí og er samkvæmt venju stærsti viðburðurinn í starfi klúbbsins á hverju ári. Þátttaka var mjög góð sem fyrr en í ár skráðu 271 kylfingar sig til leiks í 22 flokkum. Klúbbmeistarar í ár urðu þau Andrea Ásgrímsdóttir og Rögnvaldur Magnússon. Meistaramótinu lauk með veglegu lokahófi þar sem árangur bestu kylfinganna var verðlaunaður.

Holukeppnin var nú haldin í annað sinn og holumeistari í ár var Elín Hrönn Ólafsdóttir.

Ástand valla og framkvæmdir

Eitt það fyrsta sem félagsmenn tóku eftir í byrjun sumars þegar leikur hófst inn á sumarflatir voru breytingar á teigmerkingum. Horfið var frá hefðbundnum litamerkingum og þess í stað teigar merktir með lengd vallar af viðkomandi teig. Markmið með þessum breytingum er að gera golfið enn ánægjulegra og hvetja kylfinga til að velja sér teiga á grundvelli getu fremur en staðlaðra og úreltra kynjagilda. Það er miklu skemmtilegra að vera að pútta fyrir fugli eða pari en að bjarga skollanum. Ánægjulegt var að sjá hversu vel félagsmenn tóku þessum breytingum og margir hafa fært í tal jákvæða upplifun sína af breytingunum. Lagður var metnaður í það að hafa merkingarnar vandaðar strax í byrjun og eins og í verðlaunagripum klúbbsins var útlit sótt í bautasteinana sem standa við hverja braut.

Á undanförunum tveimur árum hefur tækjakostur sem klúbburinn hefur til ráðstöfunar til vallarumhirðu batnað til muna. Það ásamt því að hafa fært og reynslumikið fólk að störfum hefur fært okkur félagsmönnum frábærar aðstæður sem við kunnum sannarlega að njóta. Sennilega hafa flatir vallarins sjaldan verið í jafngóðu ástandi og hraðar eins og á liðnu sumri.

Stækkun Urriðavallar

Vinna við aðalskipulag Garðabæjar fyrir tímabilið 2016 - 2030 hefur staðið yfir frá því á síðasta ári. Landeigendur hafa sýnt stækkun Urriðavallar um 9 holur mikinn áhuga og hafa unnið að því að koma sjónarmiðun varðandi stækkunina á framfæri við skipulagsyfirvöld í Garðabæ. Í því skyni hafa þeir kostað gerð deiliskipulags fyrirhugaðs svæðis og lagt fram sem sýn landeigenda á framtíðarnotkun svæðisins sem rúmist innan Aðalskipulags Garðabæjar.

Í dag er svo komið að golfklúbbar á höfuðborgarsæðinu eru orðnir yfirfullir og getur reynst erfitt að fá rástíma á vinsælustu tímum. Þörfin fyrir stækkun golfvalla á höfuðborgarsvæðinu er því sannarlega til staðar sé horft 5 – 10 ár fram í tímann. Eins og ég ræddi um á síðasta aðalfundi var gerð hagkvæmnisúttekt í fyrra á því að stækka Urriðavöll í 27

holur. Óumdeilt er að slík stækkun myndi hafa mjög jákvæð áhrif á aðgengi félagsmanna að rástímum auk hinna fjárhagslegu áhrifa.

Að lokum

Ég ítreka þakkar til starfsmanna klúbbsins fyrir vel unnin störf. Einnig bestu þakkar til samstarfsmanna og fyrirtækja sem lögðu starfseminni lið á liðnu ári. Og síðast en ekki síst þakka ég meðstjórnendum mínum og öllum sjálfbóðaliðum sem lögðu vinnu af mörkum við að efla starf okkar á starfsárinu.

Stjórn Odds óskar félagsmönnum sínum farsældar á nýju ári og þakkar fyrir ánægjulegt samstarf.

f.h. stjórnar Golfklúbbsins Odds

Ingi Þór Hermannsson, formaður.



Skotíþróttafélag Kópavogs



Aðalfundur Skotfélags Kópavogs var haldinn í félagsaðstöðu okkar í Íþróttahúsinu í Digranesi í lok febrúar 2015.

Þar var samþykkt tillaga stjórnar um að breyta nafni félagsins úr Skotfélag Kópavogs í Skotíþróttafélag Kópavogs

Stjórn félagsins skipa:

Jóhann A. Kristjánsson formaður.

Stefán Sigurðsson varaformaður

Bára Einarsdóttir gjaldkeri

Emil Kárasón ritari.

Friðfinnur Gunnarsson gjaldkeri.

Félagið heldur áfram að stækka og stöðugt bættast fleiri iðkendur í hópinn. Sérstaklega er ánægjulegt að kvenkynsfélögum hefur fjölgað mikið.

Skipulagðar skotæfingar eru stundaðar sex daga vikunnar og hefjast þær kl. 19:00 á mánudögum, kl. 16:30 á þriðjudögum, kl. 20:00 á miðvikudögum, kl. 17:00 á fimmtudögum og kl. 20:00 á föstudögum. Standa æfingarnar yfir fram til kl. 22:00 öll kvöldin nema á fimmtudögum. Þá er æft til kl. 23:00. Á laugardögum eru æfinga milli kl. 10:00 og 12:00 Unglingum í Skotfélagi Kópavogs fjölgaði á haustmánuðum en þá stóð félagið fyrir sérstöku nýliðanámskeiði sem varð til þess að keppendum félagsins fjölgaði.

Skotmenn félagsins leggja stund á flestar skotgreinar sem Alþjóða skotíþróttasambandið (ISSF) stendur fyrir og eru fjölmennir á skotkeppnum Skotíþróttasambands Íslands (STÍ) í kúlgreinum. Auk þess var Skotíþróttafélag Kópavogs virkt í landsmótahaldi Skotíþróttasambands Íslands.

50m liggjandi riffill. (Enskur Riffill)

Í 50m liggjandi riffli (Enskum) á félagið jafnan flesta keppendur á lands- og Íslandsmótum. Á Íslandsmeistaramótinu var

félagið sigursælt. Jón Þór Sigurðsson varð Íslandsmeistari með 622,2 stig sem var jafnframt glæsilegt nýtt Íslandsmet og A-lið félagsins varð einnig Íslandsmeistari í liðakeppninni með nýtt Íslandsmet, 1836,9 stig en sveitina skipuðu Jón Þór Sigurðsson, Arnfinnur Auðunn Jónsson og Stefán Eggert Sigurðsson. Jón Þór Sigurðsson keppti í grein sinni á Smáþjóðaleikunum í Reykjavík og náði þar öðru sæti.

300m liggjandi riffill

Keppendur Skotíþróttafélags Kópavogs voru fjölmennir á Íslandsmeistaramótinu í þeirri grein 29. ágúst 201 en Arnfinnur Auðunn Jónsson náði þar 2. sæti.

Lofgreinar

Áhugi á loftgreinum vex stöðugt og iðkendum fjölgar. Keppendur Skotfélags Kópavogs staðið sig mjög vel á landsmótum STÍ og eru þar iðulega á verðlaunapalli. Félagið átti tvo keppendur í karlaflokki loftskammbýssu á Smáþjóðaleikunum í Reykjavík í Júní. Þar náði Ívar Ragnarsson 2. sæti og Thomas Viderö þriðja sæti.

Á Íslandsmeistaramótinu í loftgreinum, 26. apríl 2015 varð kvennasveit félagsins Íslandsmeistari loftskammbýssu, Dagný Rut Sævarsdóttir varð Íslandsmeistari í loftskammbýssu stúlkna og Arnar Hörður Bjarnason Íslandsmeistari í loftriffla pílta. Arnar Hörður setti einnig nýtt Íslandsmet í grein sinni á Reykjavíkuleikunum 2015 þegar hann skaut 480,8 stig.

Skammbýssugreinar

Mikil gróska hefur verið í púðurskammbýssugreinunum sem stundaðar eru hjá Skotfélagi Kópavogs en þær eru, Sport skammbýssa, Gróf skammbýssa, Stöðluð skammbýssa og Frjáls skammbýssa þó svo að félagsmenn SFK hafi ekki hampað Íslandsmeistaratitlum á þessu ári.

Jóhann A. Kristjánsson Formaður SFK



Sprettur

Stjórn Spretts árið 2015 var þannig skipur: Linda B Gunnlaugsdóttir formaður, Hermann Vilmundarson varaformaður,

Lárus Finnbogason gjaldkeri, Kristín Njálisdóttir ritari, Ragna Emilsdóttir, Sigurður Tyrtingsson, og Ólafur Blöndal meðstjórnendur.

Fjöldi félaga hefur verið um 1100 manns

Nýtt athafna svæði hestamannafélagsins Spretts sannaði sig svo um munar á fyrsta heila starfsárinu eftir að ný reiðhöll var tekin í gagn. Fjöldi hestatengdra viðburða voru í reiðhöllinni. Sprettur bryddaði uppá þeirri nýng að stofna til áhugamannadeildar í hestaíþróttum, fór sá viðburður faram úr öllum björtustu vonum þeirra sem að deildinni stóðu. Keppnisformið var liðaform og var keppt í fjórum greinum hestaíþrótt ein grein á kvöldi og var hálfur mánuður á milli keppnisdaga. Í hverju liði voru fjórir keppendur, og voru fimmtán lið í deildinni.

Hugmyndafræði þessarar deildar er að fá hinn almenna hestamann til þess að koma í keppni, enda skilyrði fyrir keppnisrétti að hafa ekki atvinnu af hestamennsku. Ljóst er að keppni sem þessi nýtur mikillar vinsældar og var fullt hús í Spretti öll kvöld keppinnar.

Annað mótahald á vegum Sprettis var með líflegastamóti. Sprettur hélt tvö íslandsmót í hestaíþróttum, íslandsmót full-orðinna og íslandsmót barna. Voru þessi mót haldin sameiginlega og fyrir vikið var þátttaka áhorfenda með besta móti. Sprettur hélt úrtökumót fyrir HM í hestaíþróttum, þar sem saman komu allir bestu hestar landsins og að keppast um farseðil á HM í hestaíþróttum, sm fram fór í Herning í Danmörku. Þetta voru fyrstu stórmótin sem reyndu á ný keppnis-mannvirki Sprettis og sóðu mannvirkin sig með þrýði.

Kynjaskipting átti sér einnig stað í mótahaldinu, haldið var kvennatölt í apríl þar sem mættu til leiks vel á annaðhundrað konur þrúðbúnar á glæsihestum, og var keppninni flokkaskipt eftir getu. Einnig var haldið karlatölt og var þátttaka þar með besta móti. Þó verður það að játaast að mun fleirri karlar voru í kvennatöltinu en karlatöltinu það er að segja í stúkunni.

Sprettur leggur mikið uppúr að æskan fái að njóta sín í hestamennskunni, hver á sínum forsendum. Boðið er uppá reiðnámskeið fyrir börn í öllum aldurshópum. Reiðnámskeiðin eru yfirleitt getumiðuð þannig að allir eiga að finna námskeið við hæfi. Reiðnámskeiðin miða bæði að því að undirbúa börnin og unglingana fyrir keppni og einnig miða þau við að auka hæfni barnanna til þess að njóta samveru við hesta bæði í útreiðartúrum og umgengni.

Sprettur hefur boðið uppá knapamerkjánámskeið sem kennt er eftir námsefni frá Hólaskóla. Námskeiði er 5 stig í allt aog er miðað við að hvert námskeið taki einn vetur í kennslu. Námskeiðið er viðurkenn af grunn og framhaldsskólum sem valgrein.

Uppáhaldsdagur okkar í Spretti er þrauta og leikjadagurinn, þar sem börnin mæta í grímubúning og leika listir sínar á hestbaki, frábær helgaður yngstu kynslóð okkar hestamanna. Athafnasvæði hestamannafélagsins Sprettis er Kópavogur og Garðabær, á síðasta ári lauk Sprettur við að merkja allar reiðleiðir á athafnasvæðinu, vegvísar voru settir við allar reiðgötur með númerum og kennileita heitum.

Hestamennska er fjölbreytt íþrótt og meginþorri iðkenda stundar þessa íþrótt sér til heilsubótar og ánægu, aldursbilið í íþróttinni er stórt, hápunkur hvers árs í hestamennsku er að fara í eina góða hestaferð, í hestaferðum er ekkert kynslóða bil allir geta tekið þátt og markmiðið allaf það sama að njóta þess að stunda hestaíþróttina í fallegu umhverfi og góðra vina hópi.

Mikilvægt er fyrir okkur sem stundum hestaíþróttir á þéttbýlissvæði að standa vörð um skipulag svæða í kringum hesthúsabyggðir þannig að ekki verði þengt um of að starfsemi hestaíþróttafélaga, best er að vinna þetta í sátt og samlyndi við sveitafélög og aðra viðkomandi aðila.

Stjarnan



Aðalfundur félagsins var haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 29. apríl 2015 og var hann vel sóttur. Dagskrá fundarins var hefðbundin. Lúðvík Örn Steinarsson var fundarstjóri. Kynntar voru skýrslur stjórna og deilda og reikningar lagðir fram.

Heildarvelta félagsins á árinu 2014 var 644,5 milljónir króna og hagnaður af rekstrinum var 15,4 milljónir. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða á fundinum.



Jóhann Steinar Ingimundarson lét af störfum sem formaður félagsins og var Sigurður Bjarnason kjörinn nýr formaður. Í aðalstjórn félagsins voru endurkjörin þau Þorsteinn Þorbergsson og Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir auk þess sem nýir einstaklingar voru kjörnir í aðalstjórn, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir og varamenn í stjórn þau Sigríður Dís Guðjónsdóttir og Þorsteinn Júlíus Árnason.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Þórdís Sigurbjörnsdóttir varaformaður, Þorsteinn Þorbergsson gjaldkeri, Kristján B. Thorlacius ritari og Ásta Kristjánsdóttir meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri félagsins er Jóhannes Egilsson.

Íþróttastarfið í Stjörnunni var sem fyrr í miklum blóma.

Mikill kraftur er í blakdeild Stjörunnar en meistaraflokkur karla varð í öðru sæti í deildinni og spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Meistaraflokkur kvenna varð í 3. sæti í deildinni og spilaði einnig til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Hlaupahópur Stjörunnar er orðinn einn stærsti og öflugasti hlaupahópurinn á höfuðborgarsvæðinu og stóð hann fyrir Stjörnuhlaupinu sem var afar vel sótt.

Meistaraflokkur karla í handknattleik átti erfitt uppdráttar og féll niður í 1. deild en markmið tímabilsins 2015-2016 er að tryggja sér aftur sæti í efstu deild. Meistaraflokkur kvenna komst í úrslitakeppnina og lenti í öðru sæti í úrvalsdeildinni.

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu varði bikarmeistaratitilinn á árinu og meistaraflokkur karla endaði tímabilið í fjórða sæti í deildinni.

Meistaraflokkur kvenna í hópímleikum átti frábært ár þar sem liðið hampaði Íslandsmeistaratitlinum og bætti svo um betur þegar þær fögnuðu Norðurlandameistaratitlinum í hópímleikum í nóvember 2015.

Meistaraflokkur karla í körfuknattleik urðu bikarmeistarar og meistaraflokkur kvenna vann sér sæti í úrvalsdeild fyrsta sinn í sögu félagsins.



Það er afar blómlegt starf sem á sér stað í lyftingadeild Stjörnunnar og þar bar hæst Norðurlandameistaratitillinn sem Dagfinnur Ari Norðmann hampaði í klassískum lyftingum.

Á Íþróttahátíð Garðabæjar í byrjun janúar 2016 voru Dagfinnur Ari Norðmann og Andrea Sif Pétursdóttir valin íþróttakarlar og íþróttakona Garðabæjar fyrir árið 2015, en þau áttu bæði frábært íþróttarár með Stjörnunni. Meistaraflokkur kvenna í hópímleikum hjá Stjörnunni var valið lið ársins í Garðabæ.



Tómas Andri Ólafsson hlaut verðlaun á Íþróttahátíð Garðabæjar fyrir frábæran árangur á árinu 2015

Tennisfélags Garðabæjar



Stjórn Tennisfélags Garðabæjar skipa skipa Eypór Rafn Þórhallsson formaður, Luigi Bartolozzi meðstjórnandi og Davíð Ármann Eypórsson ritari.

Yfirþjálfarar félagsins eru Jón Axel Jónsson, Milan Kosicky og Davíð Ármann Eypórsson.

TFG var stofnað þann 4. desember 2008 og stunda félagsmenn æfingar í Tennishöllinni að Dalsmára, Kópavogi, í samstarfi við Tennisfélag Kópavogs (TFK) og Badmintonfélag Hafnarfjarðar (BH). Jafnframt hefur félagið boðið upp á mini Tennis æfingar tvisvar í viku fyrir yngstu aldurflokkana í Ásgarði í Garðabæ.

Tennisfélag Garðabæjar hefur haft tryggna aðgang að aðstöðu til tennisíðkunar fyrir félagsmenn sína í Tennishöllinni að Dalsmára. Þó aðstaðan sé staðsett í Kópavogi hefur nálægð Smárans við Garðabæ gert það að verkum að aðstaðan hefur nýst félaginu mjög vel og hlutfallslega eru margir Garðabæingar að æfa tennis miðað við önnur sveitarfélög í nágrenninu. Tennisfélögin hafa þar m.a. staðið fyrir mánadaglegum tennismótum og vikulegum áskorendakeppnum fyrir efnilegustu og lengst komnu börn og unglinga.

Í byrjun árs 2015 stóð TFG fyrir skólakynningum á mini tennis fyrir 3. bekki allra grunnskóla Garðabæjar og Álftaness. Félagið hefur staðið að sambærilegum skólakynningum undanfarinn ár og hefur reynslan verið mjög góð. Bæði nemendur og leikfímiskennarar hafa fengið að kynnst skemmtilegum tennis æfingum sérsníðna fyrir byrjendur.



UMFÁ

Aðalfundur UMFÁ var haldinn 9. apríl 2015 í Íþróttamiðstöð Álftaness.



Eftirfarandi einstaklinar voru kjörnir í stjórn:

Guðjón Þorsteinsson – formaður,
Eiríkur Ágúst Guðjónsson – varaformaður,
Einar Georgsson – gjaldkeri,
Sveinborg Lovísa Hauksdóttir – ritari,
Birgir Karl Ólafsson – meðstjórnandi,
Björg Rúnarsdóttir – meðstjórnandi,
Páll Winkel – meðstjórnandi

Varamenn:

Ágúst Auðunsson og Aðalheiður Jónsdóttir

Ungmennafélag Álftaness er með 6 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, blakdeild, frjálsíþróttadeild, taekwondodeild og almenningssíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörnunnar og boðið er upp á æfingar í Álftaneslaug auk þess sem iðkendur UMFÁ eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er sjötta árið sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Sunddeild Stjörnunnar sér einnig um sundnámskeið leikskólabarna á sumrin í Álftaneslaug.

Knattspyrnudeildin er sem fyrr langstærsta deildin. Deildin hóf samstarf við knattspyrnudeild Stjörnunnar fyrir þremur árum en þá sendu félögin sameiginlegt lið í Íslandsmótið í 3. flokki karla og kvenna. Hefur þetta reynst vel og nú munu iðkendur 4. flokks einnig renna saman við lið Stjörnunnar á yfirstandandi tímabili. Meistaraflokkur karla vann 4. deildina í haust og mun því spila í 3. deild í fyrsta sinn næsta sumar. Meistaraflokkur kvenna varð í öðru sæti á Íslandsmótinu innanhúss eftir tap fyrir Aftureldingu í úrslitaleik.

Í lok nóvember var nýr gervigrasvöllur tekinn í notkun á Álftanesi. Völlurinn er í fullri stærð og er upphitaður.

Blak er vinsæl íþróttagrein á Álftanesi og þá aðallega hjá fullorðnum. Nú eru bæði starfandi karla- og kvennablaklið sem taka þátt í Íslandsmótinu. Karlaflokkurinn fer ört stækkandi en þeir æfa með karlaliði Stjörnunnar.

Félagið býður sem fyrr upp á Íþróttaskóla barnanna en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu íþróttafraeðinga. Átla má að yfir 80% leikskólabarna á Álftanesi stundi einhverja hreyfingu hjá félaginu, annað hvort í íþróttaskólanum eða í "Bolta og leikja" tímum.

Skokkhópur var formlega stofnaður árið 2010. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað og hefur hlaupurum fjölgað umtalsvert á síðustu mánuðum.

Frjálsar íþróttir hafa fest sig vel í sessi sem íþróttagrein hjá félaginu en þetta er áttunda árið í röð sem félagið býður upp á æfingar í frjálsum íþróttum.

Síðastliðið haust byrjuðu tilraunaæfingar í taekwondo. Þátttakan hefur verið vonum framfar og allar líkur á að boðið verði upp á slíkar æfingar í framtíðinni.

Rugbyfélag Kópavogs - Stormur

Rugby er mest vaxandi hópiþrótt í heimi og ætla Stormur sér, ásamt Rugbyfélagi Reykjavíkur, að stuðla að uppbyggingu íþróttarinnar á Íslandi. Stormur er í augnablikinu með 27 skráða meðlimi en hefur ekki verið nægilega virkt í að skrá stuðningsmenn og leikmenn seinastu ár en stefnir á að bæta það nú undir nýrri stjórn. Rugbyfélag Kópavogs - Stormur hefur tækifæri til að spila nokkra leiki á ári á móti Rugbyfélagi Reykjavíkur og getur einnig spilað 2-5 leiki á ári á móti erlendum klúbbum sem koma til Íslands til þess að spila rugby. Þeir leikmenn Storms sem hafa áhuga eiga mögulega á að spila með landsliðinu en það tekur árlega þátt í Evrópumótinu í rugby en Ísland hefur verið að vinna sig upp byrjunar deildina seinustu tvö ár. Seinustu tvö ár hefur Stormur ekki farið á erlend mót en leikmenn Storms hafa getað farið með Rugbyfélagi Reykjavíkur á tvö erlend mót á ári.



spyrnumenn og konur til að iðka knattspyrnu á keppnisstigi. Félagið leggur áherslu á að sporna við því mikla brottfalli sem verður í íþróttinni við lok gagnfræðiskóla, sérstaklega hjá konum.

Félagið er í samstarfi við UMFA í karlaflokki. Lið annars flokks er UMFA/Hvíti og þannig eru leikmenn gjaldgengir með báðum félögum í þeim flokki.

Í handboltanum hefur félagið byggt upp lið með strákum úr Aftureldingu sem ekki hafa fengið tækifæri þar. Liðið hefur komist í úrslitakeppnina síðustu 2 ár og er nú þegar búið að tryggja sig þangað í ár.

Í febrúar 2015 stofnaði félagið kvennalið í knattspyrnu vegna áhuga hjá ungum stúlkum í bæjarfélaginu.

Félagið tefldi fram liði í 1. deild kvenna 2015 og ljóst er að liðið munum taka þátt sumarið 2016 aftur.

Markmið næsta tímabils eru:

- að fara uppí 3 deild í karlaflokki
- að byggja upp samkeppnishæft lið í 1 deildinni í kvennaflokki.
- að koma fleiri iðkendum í meistaraflokka UMFA.



Motomos

Formaður, Bjarni Sigurgeirsson
Varaformaður, Tómas Helgi Valdimarsson
Gjaldkeri, Bryndís Guðjónsdóttir
Meðstjórnandi, Baldur Heiðar Birgisson.

2015 var gott ár hjá Motomos, við höldum Íslandsmót í motocrossi í júní, sem gekk mjög vel. Aðstaðan hjá okkur er orðin mjög fín, eftir margra ára uppbyggingu.

Það gekk vel hjá keppendum Motomos, þá sérstaklega vel hjá Óliver Erni Sverrissyni, sem varð Íslandsmeistari unginga í fyrsta skipti, hann var valinn akstursíþróttamaður Mosfellsbæjar 2015.



Skautafélagið Fálkar

Árið 2015 var haldið áfram að ýta í Kópavogsbæ með að veita lóð undir skautasvell og geta hafði nauðsynlega uppbyggingu fyrir íþróttina.

Félagið hefur sótt um skautatíma í þeim höllum sem til eru á höfuðborgarsvæðinu en svörin þar eru á þá leið að ekki er mögulegt að hefja starfsemi af fullum krafti.

Keppnislið félagsins æfir engu að síður 4 sinnum í viku á morgnanna enda hallirnar lausar á þeim tíma. Uppistaða liðsins eru viðbragðsaðilar á höfuðborgarsvæðinu (slökkvilið, landhelgisgæsla, fangaverður, lögreglumenn oph) og geta frekar æft á þessum tímum.

Liðið keppti á öllum oldboys mótum sem haldin eru á árinu. Keppt var í heimsleikum slökkviliðs- og lögreglumanna í Fairfax í Washington fylki. Liðið skemmti sér stórkostlega en minna fer af afrekum á svellinu enda fyrnasterkt mót.

Stærsti leikur félagsins á hverju ári er árlegur mottumars leikur slökkviliðsins við aðra viðbragðsaðila. Leikið er til styrktar Krabbameinsfélaginu og er leikurinn þann 1. mars nk. í Egils-höll og hefjast leikar kl 19:15. Skorur á alla til að mæta og enda leikurinn alltaf stórkostleg skemmtun



Hvíti Riddarinn

Hvíti riddarinn heldur úti liði í knattspyrnu í meistaraflokki kvenna og karla og í samstarfi við Aftureldingu með 2. flokk. Félagið sendir einnig lið í handbolta utandeildar.

Markmið Hvíta Riddarans er að vera vettvangur fyrir knatt-



Tennisfélag Kópavogs

Árið 2015 var viðburðaríkt fyrir Tennisfélag Kópavogs. Barna- og unglingastarfið gengur vel og er félagið heppið að hafa mjög góða þjálfara í vinnu. Á árinu voru Jón Axel Jónsson sem jafnframt er formaður TFK og Milan Kosicky yfirþjálfarar og aðrir þjálfarar voru m.a Magnús Gunnarsson, Davíð Ármann Eyþórsson, Hinrik Helgason auk fjölmargra aðstoðarþjálfara. Á árinu fengum við einnig nýjan erlendan þjálfara Dominick Hobacher frá Slóveníu sem vinnur þó aðeins í hlutastarfi ennþá en verður væntanlega í fullu starfi næsta sumar. Jónas Páll Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Tennishallarinnar og gengur reksturinn eftir áætlunum.

Barna- og unglingastarf og árangur

Vetraræfingar ganga vel og eru í umsjón Jóns Axels Jónssonar og Milan Kosicky og fór Magnús Gunnarsson til Bandaríkjanna í haust að kenna tennis þar en Hinrik Helgason tók hans stað og gengur vel. Góð aðsókn var að Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Davíð Ármann Eyþórsson og Hinrik Helgason sáu um Tennis- og leikjaskólann ásamt Jón Axel og Milan sem sáu um Tennisakademiuna og stóðu þau sig öll vel. Tennisfélag Kópavogs átti marga Íslandsmeistara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Anna Soffía Grönhölm sigraði í einliðaleik kvenna á Íslandsmótinu og varð margfaldur Íslandsmeistari og var hún valin tenniskona ársins. Börn og unglingar úr TFK fóru erlendis á árinu til keppni. Góður hópur fór til Danmerkur ásamt Jón Axel Jónssyni yfirþjálfara. Sofía Sóley Jónasdóttir og Björgvin Júlíusson kepptu á Þróunarmóti 14 ára og yngri í Tyrklandi með ágætis árangri. Rebekka Pálsdóttir keppti á þróunarmóti 12 ára og yngri í Eistlandi og Litháen. Vladimir Ristic keppti einnig á mótum í Danmörku og Serbíu.

Evrópumót og Smáþjóðleikar

Tennisfélag Kópavogs hélt fjögur Evrópumót á árinu í samvinnu við Tennissambandið og Tennishöllina. Í lok maí fyrir 14 ára og yngri í sjöunda sinn þ.e Kópavogur Open og um páskana var haldið WOW Air Icelandic Easter Open fyrir 16 ára og yngri og líka fyrir 14 ára og yngri í fimmta sinn. Einnig var Tennishöllin Open haldið í ágúst. Smáþjóðaleikarnir voru haldnir í byrjun júní í Tennishöllinni Kópavogi og voru þar nokkrir þjóðhöfðingjar með gesta. Alls komu til landsins og í Kópavoginn rúmlega sex hundruð erlendir gestir vegna þessara móta.

Landsliðsmenn

Þrír tennisspilara úr TFK kepptu með landsliðinu á þessu ári þau Anna Soffía Grönhölm, Birkir Gunnarsson og Vladimir Ristic.

Fullorðinsstarf

Mikil áhugi er einnig á tennisnámskeiðum fyrir fullorðna og

eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spilurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir.

Mótahald

Tennisfélag Kópavogs ásamt Tennishöllinni stóð að flestum Stórmótum TSÍ sem haldin voru á mánaðarlega í Tennishöllinni.

Stækkun Tennishallarinnar

Ljóst er að Tennishöllin er orðinn alltof lítil fyrir starfið sem blómstrar. Bæjarstjórn Kópavogs hefur nú í tvígang auglýst deiliskipulagstillögu um stækkun Tennishallarinnar innan Kópavogsbæjar. Ljóst er að mikill stuðningur er við málið og vonast er til að hægt verði að hefja framkvæmdir á árinu 2016. Hjá Tennisfélagi Kópavogs er verið að vinna mjög öflugt barna- og unglingastarf og til að ná þeim árangri sem metnaðurinn stendur til er nauðsynlegt að tennisvöllunum í Tennishöllinni fjölgi. Allir eru velkomir í tennis. Allar upplýsingar er hægt að fá á www.tfk.is eða í síma 564 4030.



DÍK

DÍK

Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem heldin voru hérlandis á árinu. Einnig unnu pör frá DÍK sér inn þátttökurétt til að keppa á Heimsmeistara og Evrópumeistaramót.

Danspör félagsins unnu helming allra Íslandsmeistaratitila í meistaraflokkum, marga bikarmeistaratitila og fullt af öðrum verðlaunum í öllum flokkum á öllum aldri á mótum vetrarins. Eins fóru pör úr dansskólanum í fjölda móta erlendis með góðum árangri.

Við erum rosalega stolt af þessum framúrskarandi árangri okkar á síðasta ári og að geta sagt að við séum bæði með öflugt barna-, unglingastarf og landsliðsfólk í okkar félagi. Dansfélögin í Kópavogi tóku sig saman og héldu saman Dansmót UMSK þann 18. október 2015 í annað skipti. Keppnin gekk vel, erlendir dómara og 4. pör sem komu erlendis frá til að taka þátt í mótinum.

Foreldrar ásamt stjórn voru með marga viðburði fyrir félagsmenn, jólaböll, sumarhátíð í Nauthólsvík með grilli og ferð í Landhelgisgæsluna, grímuball, og fl.

Fjáraflanir standa yfir allan ársins hring með sölu á ýmsum varningi og 17. júní á Rútstúni.

Meistaraflokkurinn var með æfingarbúðir fyrir og eftir áramót yfir helgi og yngri þörin voru í æfingabúðum í dansskólanum. Árleg nemendasýning var haldin í Breiðablikshúsinu í apríl og sýndu allir nemendur dansskólans listir sínar jafnt ungir sem aldnir.

Elvar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir fengu viðurkenningu fyrir árangur sinn í dansi á árinu 2015 frá Kópavogsbæ og voru kosin Danspar UMSK árið 2014. Þau voru Íslands og bikarmeistarar á öllum mótum á vegum DSÍ á árinu og voru í úrslitum í Junior Blackpool í sínum aldurslokki. Aðalfundur DÍK var haldin 9. Júní 2015.

DÍK var með einn stjórnarmann í aðalstjórn DSÍ og er formaður mótanefndar félagsmaður í DÍK.

Lyftingafélagi Kópavogs



Sex keppendur frá Lyftingafélagi Kópavogs kepptu á 4 mótum og voru 16 Íslandsmet sett.

LFK hefur einbeitt sér að þjálfun ungmenna, frá 14 til 18 ára aldurs. Hafa nokkur þeirra keppt og gengið mjög vel og nokkur Íslandsmet fallið.

LFK hélt eitt innanhúss-/kynningarmót á árinu og er stefnan að halda þau reglulega, sérstaklega fyrir nýliða og unglinga.



Gerpla



Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 18. ágúst 2015 fyrir starfstímabilið 1. júní 2014-31. maí 2015.

Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins:

Harpa Þorlákssdóttir, formaður, Alma Hlíðberg, Atli Þorbjörnsson, Davíð Ingason, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Sigurrós Pétursdóttir, Sigrún Óskarsdóttir. Á aðalfundinum hættu Alma Hlíðberg og Davíð Ingason og voru þau heiðruð fyrir óeigingjörn störf. Nýir stjórnarmenn sem voru kosnir í stjórn eru Marta Kristín Sigurjónsdóttir og Hjalti Ragnar Eiríksson.

Í júní 2015 urðu einnig framkvæmdastjóra skipti en þá lét Auður Inga Þorsteinsdóttir af störfum eftir 9 ára starf sem framkvæmdastjóri og við tók Ása Inga Þorsteinsdóttir fyrrum þjónustustjóri hjá félaginu.

Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og hefur það einkennt starfsemi félagsins. Ásóknin er mikil í félagið líkt og undanfarin ár, félagið leggur áherslu á samhæfingu, gæðastýringu og eftirfylgni með hópum félagsins. Árið 2013 var viðamikill kennsluhandbók gefin út sem nú er verið að taka næstu skref og útbúa gangagrunn á tölvutæku formi sem nýtist mjög vel fyrir þjálfara til að tryggja gæði og rétta uppbyggingu í kennslu ásamt því að deila reynslu sinni. Félagið hefur á að skipa skipað mjög færum þjálfurum og eru rúmlega 25 þjálfarar í fullu starfi við þjálfun hjá félaginu og leika þeir lykilhlutverk í starfi félagsins. Alls vinna um 120 þjálfarar hjá Gerplu.

Húsnæðisvandi Gerplu hefur staðið yfir í nokkur ár en vegna mikillar ásóknar getur félagið ekki annað öllum þeim börnum

sem áhuga hafa á að æfa með félaginu ásamt því að núverandi iðkendur og starfsfólk Gerplu hafa búið við mjög þröngan húsakost í lengri tíma. Viðræður milli Gerplu og Kópavogsbæjar um byggingu nýs íþróttahús sem nýtast myndi Vatnsendaskóla til íþróttaiðkunar og Gerplu til fimleikaiðkunar hafa gengið vel og voru fyrirferðarmiklar í starfi stjórnar á árinu 2015. Stefnt er að undirritun samninga í lok febrúar 2016.

Líkt og undanfarin ár hefur Gerpla verið mótshaldari fyrir hönd Fimleikasambands Íslands og var það með sambærilegum hætti í ár. Þess fyrir utan var Gerpla mótshaldari á Norðurlandamótinu í hópfimleikum sem fram fór í nóvember 2015. Um 700 manns mættu til leiks og fór keppnin mjög vel fram í troðfullri Vodafone höllinni að Hlíðarenda.

Iðkendur félagsins unnu til fjölda titla á árinu en gaman er að nefna að Thelma Rut Hermannsdóttir skráði sig í sögubækurnar með sigri á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum þegar hún vann fjölþrautartitlinn í Ó. skiptið og nældi sér í titlinn sögusælasta fimleikakona landsins. Einnig er gaman að draga fram að keppendur Gerplu á Special Olympics en Gerpla átti fjóra keppendur á því móti sem fór fram í LA síðastliðið sumar.

Líkt og fyrri ár hefur Gerpla lagt mikla áherslu á öryggismál og gæðaeftirlit með endurnýjun áhalds. Keypt voru ný áhöld fyrir rúmar 27 milljónir á árinu. Fjárhagsleg staða félagsins er sterk, rekstrartekjur voru 262 milljónir og rekstargjöld voru 257 milljónir. Handbært fé þann 31. maí 2015 voru tæpar 50 milljónir. Þá er Framtíðarsjóður félagsins rúmar 150 milljónir en stefnt er að því að nýta hann í byggingu nýs fimleikahús við Vatnsendaskóla og endurbætur á núverandi fimleikasal.



Afturelding

Aðalfundur Umf. Aftureldingar var haldinn í hátíðarsal Varmáskóla, miðvikudaginn 25. mars 2015.

Í aðalstjórn voru kjörin:

Dagný Kristinsdóttir formaður, Geirarður Long varaformaður, Birna Kristín Jónsdóttir gjaldkeri, Eymundur Sigurðsson ritari, Anna Sigurðardóttir meðstjórnandi. Ólafur Thoroddsen og Einar Grétarsson voru kosnir varamenn í stjórn. Starfsmenn á skrifstofu eru þau Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri, Vilborg Jónsdóttir bókarari og Ester Sveinbjarnardóttir verkefnastjóri fjármála. Auk þeirra deila tveir yfirþjálfarar rými þar þeir Bjarki Már yfirþjálfari knattspyrnudeildar og Einar Andri yfirþjálfari handknattleiksdeildar.

Er því oft glatt á hjalla á skrifstofu félagsins enda nóg af verkefnum sem þarf að leysa.

Innra starf félagsins gekk vel á árinu 2015 en tíu deildir mynda það. Þær eru: Badmintondeild, blakdeild, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, sunddeild og taekwondodeild. Frekar erfitt var að manna stjórnir deilda að

Þessu sinni. Það er vísbending um að færri vilji taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi, eins gefandi og það nú getur nú verið. Þetta sjáum við víða í starfinu eins og þegar manna þarf stórmót með sjálfbóðaliðum úr hópi foreldra barna sem þar taka þátt.

Sú breyting var gerð fyrir ári síðan að í stað þess að halda marga formannafundi á ári, var farið út í það að halda deildarfundum með stjórnnum deilda og flokksráðum þeirra, breyting sem hefur gefist mjög vel því þar gefst frekar tækifæri til að fara yfir einstaka mál sem í gangi eru. Á árinu var sérstaklega unnið í því að fá stjórnendur deilda og ráða til þess að vinna meira saman, kynnst og skapa þannig meiri samheldni í félaginu.

